

Ævintýraeyjurnar Japan og Ísland: Um Japansdvöl Nonna, 1937–1938

Seint á rithöfundarferli Jóns Sveinssonar, Nonna, rættist draumur hans um að heimsækja Japan. Jón lagði upp í heimsreiðu einn síns liðs í ágúst 1936 nærri 79 ára gamall, sem var hár aldur á mælikvarða þess tíma. Hann var þá einn þekktasti Íslendingur samtímans og naut mikilla vinsælda á meginlandi Evrópu fyrir barnabækurnar um Nonna og Manna, sem alls voru þýddar á um 30 tungumál.¹ Áfangastaðirnir voru fyrst og fremst tveir: fyrst Bandaríkin og síðan Japan. Jón kom til Japans vorið 1937 og dvaldist í eitt ár við hinn þekktu Sophia-háskóla í Tókýó, sem rekinn var af trúbræðrum hans í Jesúitareglunni. Jón skræði ferðasögu sína og kom hún út á Íslandi í tveimur hlutum að honum látnum undir heitinum *Ferð Nonna umbverfis jörðina* (1955) og *Nonni í Japan* (1956). Í ferðasögunni segir frá Japansdvölinni á fjórlegan hátt, en hún er langt frá því að teljast með þekktari eða vinsælli verkum höfundar.² Japansdvölin er þó um margt merkileg heimild, þar sem hún veitir innsýn í eina af fyrstu meiriháttar landkynningunum sem Íslandi hefur hlotnast í fjarlægum heimsálfum, enda þótt hún hafi alls ekki verið skipulögð sem slík. Einnig tengist hún með áhugaverðum hætti sögu Jesúitareglunnar og kaþólskunnar í Japan á milli-stríðsárunum. Jón kom víða við meðan á dvölinni í Japan stóð. Hann hélt 56 fyrirlestra vítt og breitt um landið, þ.m.t. í virtustu

1 Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, bls. 7. Sjá einnig lista í dagbók Jóns yfir 27 tungumál sem Nonnabækurnar höfðu verið þýddar á (dagbók 8+9, færsla 9. des. 1937), en fleiri þýðingar hafa bæst við síðar.

2 Sjá t.a.m. ritdóm um fyrri hluta ferðabókarinnar í *Þjóðviljanum*, þar sem gagnrýnandi (B.B.) tekur fram að Jóni sé „nokkuð tekið að förlast, enda kominn yfir átrætt“. „Nonni í Ameríku“, bls. 6.

menntastofnun landsins, Keisaralega háskólanum í Tókýó; hann kom fram í útvarpi og þrjár af bókum hans komu út á japönsku um þetta leyti. Honum var sómi sýndur af bæði japönsku keisarafjölskyldunni og forsætisráðherra landsins; hann var aufúsugestur hjá sendiherrum, rithöfundum og ýmsu menntafólki og hundruð barna flyktust oft til að hlýða á fyrirlestra hans og upplestra.³ Að auki var tíð og umfangsmikil umfjöllun um Jón og Nonnabækur hans í japönskum dagblöðum og tímaritum meðan á dvölinni stóð, en markmiðið með ritun þessarar greinar er einmitt að kynna og greina þá fjölbreyttu umfjöllun. Greinarnar eru langflestar á japönsku og ekki hefur verið fjallað um efni þeirra áður, hvorki á Íslandi né í Japan, að örfáum greinum undanskildum.

Sagnfræðingurinn Gunnar F. Guðmundsson hefur ritað ítarlega ævisögu Jóns (2012) þar sem Japansdvölinni eru gerð góð skil. Bókin byggist á umfangsmikilli rannsóknarvinnu á bæði íslenskum og erlendum frum- og eftirheimildum, en þó einungis að litlu leyti japönskum. Markmiðið með þessari grein er að varpa ljósi á Japansdvöl Jóns á grundvelli rannsókna á japönskum heimildum frá þeim tíma sem Jón dvaldist í Japan. Leitast verður við að svara hvar og með hvaða hætti fjallað var um rithöfundinn og verk hans í japönskum dagblöðum og tímaritum. Til grundvallar liggja heimildir, sem greinarhöfundur hefur aflað í japönskum skjalasöfnum og gagnagrunnum, ásamt japönskum heimildum á Nonnasafni Landsbókasafns. Með því að rannsaka þessar heimildir bætist nýtt sjónarhorn við fyrri rannsóknir á Japansdvöl Jóns. Jafnframt verður lögð áhersla á að varpa ljósi á þær þjóðfélags- og trúarhræringar sem ruddu sér til rúms í Japan á fyrri hluta síðustu aldar og hafa vafalítið haft áhrif á þær viðtökur sem höfundurinn og verk hans fengu í Japan. Greinin er þannig byggð upp að hún hefst á stuttum inngangskafli, þar sem rætt er um heimildir um viðfangsefnið og fyrri skrif um Japansdvöl Jóns. Að öðru leyti skiptist greinin í tvo meginhluta. Í fyrri hlutanum er fjallað um stöðu Japans í alþjóðlegu samhengi á þeim árum sem Jón kemur til Japans, sem og stöðu trúarbragða og Sophia-háskólans á fjórða áratugi síðustu aldar. Í seinni hlutanum er fjallað um þá mynd sem japanskar heimildir

3 Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, bls. 385–400.

gefa af Japansdvöl Jóns og þeim viðtökum sem hann hlaut í landinu.

1. Heimildir um viðfangsefnið og fyrri skrif

Líklega hefur Jóni Sveinssyni hvergi verið sýnd jafnmikil virðing og athygli og í Japan. Það var alla vega upplifun hans sjálfs líkt og lesa má í bæði ferðabókinni, *Nonni í Japan*, og dagbókum Jóns. Sagnfræðingurinn Gunnar F. Guðmundsson tekur í sama streng í gagnmerkri ævisögu Jóns, *Pater Jón Sveinsson: Nonni* (2012). Japansdvöl Jóns hefur þó ekki hlotið þá athygli sem hún verðskuldar, og má e.t.v. segja að það sama eigi við um allt ævistarf Jóns. Tvær greinar-góðar eftirheimildir eru þó til um Japansdvölinu. Sú fyrri er undirkafla um Nonna í Japan í áðurnefndri ævisögu Gunnars um Jón, en hún er byggð á umfangsmikilli rannsóknarvinnu á bæði íslenskum og erlendum frum- og eftirheimildum. Í bókinni er Japansdvölinni gerð afbragðsgóð skil og lesendur fá tækifæri til að kynnast bæði því sem á daga Jóns drífur og hvernig hann hugsar og tjáir sig um dvölinu í dagbókum sínum og bréfum til vina og ættingja. Hin heimildin er japönsk sýning um Nonna, *Seinni ferð Nonna til Japans*, sem var opnuð í Tókýó haustið 2008 í samstarfi Nonnahúss á Akureyri og Motokatsu Watanabe, fyrrverandi sendifulltrúa í sendiráði Japans á Íslandi.⁴ Watanabe, er lögfræðingur að mennt, en hann tók miklu ástfóstri við Nonna á meðan hann starfaði á Íslandi og fékk því áorkað að sýning um Nonna var opnuð í Japan og að bókinn *Nonni og Manni og undursamlega ævintýrið* var endurútgefin í nýrri þýðingu hans sama ár. Sýningin byggist í grunninn á ferðasýningu sem Nonnahús á Akureyri gerði um Jón árið 2007 í tilefni af 150 ára fæðingarafmæli hans, en þar við bætist efni sem Watanabe safnaði sérstaklega um Japansdvöl Jóns.⁵ Watanabe hefur tekið við-

4 Sýningin var haldin í Jiyu Gakuen menningarmiðstöðinni í Tókýó og hét á japönsku ノンニの70年後の再訪日 [Nonni no nanajūnengo no saihōnichi]. Sýningin er í íslenskum fjölmiðlum kölluð *Seinni ferð Nonna til Japans*, sjá t.d. grein með sama titil í *Fréttablaðinu* þ. 19. sept. 2008, bls. 24.

5 Fjölmarginir lögðu hönd á plóg bæði í Japan og á Íslandi til að gera sýninguna að veruleika, þ.á.m. Vináttufélag Íslands í Japan. Yukiko Koshizuka, fyrrverandi starfsmaður hjá japanska sendiráðinu, vann lengi að sýningunni og þýddi m.a. texta sýningarinnar yfir á japönsku. (Skv. tölvupósti frá Brynhildi Pétursdóttur, fyrrverandi safnstjóra Nonnahúss, júlí 2020. Brynhildur vann að sýningunni fyrir hönd safnsins og lét greinarhöfundu japönsku sýningarspjöldin í té.)

töl við eldri Japani sem hlýddu á Jón sem börn, leitað að efni um Jón á skjalasöfnum ýmissa skóla sem Jón heimsótti og safnað umfjöllun um höfundinn í Japan.⁶ Aðeins lítill hluti af efninu er þó með í sjálfri sýningunni þannig að hún bætir litlu við rannsókn Gunnars F. Guðmundssonar hvað upplýsingar varðar. Sýningin hefur þó mikið gildi í japönsku samhengi þar sem nafn Nonna var við það að falla í gleymsku þegar Watanabe hóf kynningarátak sitt.⁷ Að lokum má nefna að greinarhöfundur birti yfirlitsgreinar um samskiptasögu Íslands og Japans í vor- og hausthefti *Skírnis* árið 2017 og í fyrri greininni sem fjallar um samskipti landanna fyrir seinni heimsstyrjöld er vikið stuttlega að Japansdvöl Jóns.⁸ Jafnframt ber að nefna bókina *Nonni og Nonnabús* (1993) eftir Jón Hjaltason, en mikið af myndum úr Japansferðinni prýða bókina.⁹ Með þessari grein gefst tækifæri til að fara nánar í saumana á Japansdvölinni, en hin mikla fjölmiðlaumfjöllun um höfundinn þar í landi gefur vísbendingar um stöðu Jóns og Nonnabókanna í Japan; hvaða mynd var dregin upp af Jóni; hver markhópurinn var fyrir Nonnabækurnar og hverju Jón kaus sjálfur að koma á framfæri. Við rannsóknina hefur greinarhöfundur leitað fanga víða, m.a. í handritadeild aðalbókasafns Sophia-háskólans, St. Miki bókasafninu í Tókýó, sem rekið er af Jesúitareglunni, rafrænum leitargrunnum japanska landsbókasafnsins (j. *Kokkai Toshokan*) og Nonnasafni Landsbókasafns Íslands. Til grundvallar rannsókninni liggja u.þ.b. 70 japanskar blaða- og tímaritsgreinar¹⁰ en þó er ekki hægt að útiloka að umfjöllun um Jón Sveinsson hafi birst víðar.

6 Viðtal greinarhöfundar við Watanabe í Tókýó, maí 2018.

7 Málþing var haldið í tilefni af opnun sýningarinnar og Watanabe hélt fjölda erinda um Nonna í kjölfar hennar og endurútgáfu Nonnabókarinnar. Margir eldri Japanir muna enn eftir Nonna og Nonnabókunum að sögn Watanabe. (Skv. viðtali greinarhöfundar við Watanabe vorið 2018.) Mögulegt er að hluti af rannsóknarvinnu Watanabe sem hér er nefnd hafi farið fram eftir opnun sýningarinnar.

8 Kristín Ingvarsdóttir, „Frá Sóleyjum“: Upphaf samskipta Íslendinga og Japana 1904–1942“, sjá sérstaklega bls. 91–100, sem fjalla um Japansdvöl Jóns og íslenska trúboða í Japan fyrir seinni heimsstyrjöld.

9 Sjá sér í lagi myndaröð með skýringartextum á bls. 57–68.

10 Greinarnar birtust í Japan í tengslum við dvöl Jóns í landinu á árunum 1937–1938. Greinarnar eru almennt ekki nefndar í heimildalista nema að í þær sé vísað beint.

2. Japan á fjórða áratugi 20. aldar

Í sögu Japans er árið 1930 þekkt sem upphafsár átakanlegs tímabils, sem síðar hefur oft verið kallað „dimmi dalurinn“ af sagnfræðingum. Tímabilið spannar árin 1930 til 1945, en á þessum tíma tóku Japanir skarpa beygju frá alþjóðahyggju og lýðræðishyggju sem einkennt höfðu áratugin á undan.¹¹ Í hverju fólst þessi mikla stefnubreyting Japana í kringum 1930 og hvaða áhrif hafði hún á japanskt samfélag? Óhætt er að fullyrða að Japan hafi verið á hraðri uppleið í alþjóðasamfélaginu við upphaf 20. aldar. Eftir að landið var opnað fyrir umheiminum árið 1853 lögðu Japanir alla áherslu á að nútímavæðast og iðnvæðast hratt og örugglega til að styrkja stöðu sína. Flest ríki Asíu lutu þá stjórn erlendra ríkja sem formlegar eða óformlegar nýlendur og Japanir vildu ekki lenda í sömu stöðu. Þeir höfðu metnaðarfull áform fyrir landið og vildu frekar skipa sér í flokk með nýlenduherrum en að lenda undir hæl þeirra. Japanir unnu stóra sigra á komandi árum og uppskáru bæði jákvæða athygli frá stórveldum þess tíma og landvinninga í Asíu. Árið 1895 tryggðu Japanir sér yfirráð yfir Taívan¹² eftir sigur á Kínverjum; árið 1905 unnu Japanar sigur á Rússum eftir fræga sjóorrustu á Japanshafi og árið 1910 höfðu Japanir tryggt sér yfirráð yfir Kóreuskaganum. Tvíhliða og alþjóðlegir samningar frá þessum tíma sýna einnig glögglega sterka stöðu Japans. Árið 1902 gerði Japan tvíhliða samning við Bretland til að stemma stigu við vaxandi áhrifum Rússa í Austur-Asíu; Japan barðist með Bandamönnum í fyrri heimsstyrjöld og átti fulla aðild að Versalasalmingnum, og á þriðja áratugi 20. aldar átti Japan í tíðum samningaviðræðum við Bretland og Bandaríkin um valdajafnvægi stórveldanna þriggja í sjóhernáði. Japanir höfðu sett sér það markmið að skipa sér í hóp völdugustu ríkja heims og það hafði þeim tekist.

Straumhvörf urðu í utanríkisstefnu Japana um og eftir 1930 og það var Kína sem var bitbeinið. Japanir höfðu sérstakan augastað á Mansjúríu, víðáttumiklu landflæmi í Austur-Kína, sem var u.þ.b. fjórum sinnum stærra en Japan. Japanir höfðu smám saman aukið umsvif sín á svæðinu en í september árið 1931 hóf Kwantung-her

11 Dæmi um trausta heimild um utanríkismál Japans á 19. og 20. öld er *Japan & The Wider World: From the Mid-Nineteenth Century to the Present* eftir japanska sagnfræðinginn Akira Iriye.

12 Taívan var almennt kölluð Formósa á þessum tíma.

Japaná innrás í Mansjúríu. Innrásin var reyndar gerð án samþykkis ríkisstjórnarinnar í Tókýó en hún taldi sig ekki eiga annarra kosta völu en að spila með til að hylma yfir hve illa herinn lét að stjórn. Árið eftir gengu Japanir skrefi lengra með því að lýsa yfir stofnun nýs ríkis á meginlandinu, Mansjúkúó, en engum duldist að Japanir réðu öllu á bak við tjöldin. Þjóðabandalagið fordæmdi framgöngu Japaná, en viðbrögð þeirra voru að ganga úr bandalaginu árið 1933. Japanir héldu áfram að stækka yfirráðasvæði sitt í Mansjúríu og sumarið 1937 braust út stríð milli Japans og Kína, sem lauk ekki fyrr en með uppgjöf Japaná í seinni heimsstyrjöld. Stríðið kostaði miklar fórnir fyrir bæði Japani og Kínverja, jafnt í efnahagslegu tilliti og í mannlífum talið. Stríðið hafði jafnframt þær afleiðingar fyrir Japan að landið stóð einangrað í samfélagi ríkjanna og leitaði því nýrra bandalaga: Japan gekk í Anti-Kómintern bandalagið með Þjóðverjum síðla árs 1936 og í Þríveldabandalagið með fasistaríkjunum Þýskalandi og Ítalíu árið 1940. Þessar sviptingar áttu eftir að skipta miklu máli fyrir þýsku jesúítana sem voru gestgjafar Jóns í Japansferðinni, líkt og nánar verður fjallað um síðar.

Þessi stefnubreyting hafði ekki aðeins áhrif á alþjóðasamskipti Japans heldur gjörbreyttist andrúmsloftið í japönsku samfélagi þar sem herinn og hægriöfl í landinu náðu sterkum undirtökum. Árið 1930 varð Osachi Hamaguchi forsætisráðherra fyrir morðtilraun og sagan endurtók sig árið 1932 þegar Tsuyoshi Inukai forsætisráðherra var skotinn á heimili sínu. Í báðum tilvikum voru árásarmennirnir eldheitir hægri-öfgamenn. Í febrúar 1936 ríkti svo sannkallað ófremdarástand í Tókýó þegar hægri-öfgahópur innan japanska hersins gerði tilraun til valdaráns. Þótt tækist að lokum að kveða niður uppreisnina höfðu stjórnmalaflokkarnir og hin lýðræðislegu öfl í landinu beðið mikinn skaða og nokkrir af þekktustu stjórnmalamönnum landsins höfðu misst lífið. Það var búið að sýna og sanna að „rangar“ skoðanir gátu auðveldlega kostað mannlíf.¹³ Hvernig má það vera að herinn og öfgahópar sem tengdust honum hafi náð svo miklum ítökum á svo skömmum tíma? Ein af skýringunum er sú að herinn naut mikillar hylli almennings. Margir Japanir studdu út-

13 Sjá nánar um uppgang hersins og pólitísku morðin á fjórða áratugi síðustu aldar í: Bix, Herbert P., *Hirohito and the Making of Modern Japan*, bls. 205–305. Nánar um valdaránið 1936 á bls. 295–305.

þenslustefnu Japana í Kína, hvers markmið var m.a. að komast yfir nýjar jarðir og ræktarland fyrir ört vaxandi íbúafjölda í Japan, og í fjölmiðlum bárust tíðar fregnir af glæstum sigrum á meginlandinu. Dagblöðin áttu stóran þátt í að draga upp hvítþvegna mynd af hernaðarsigrum Japans í Kína, en þess ber að geta að Japan varð snemma öflugt fjölmiðlaveldi með áhrifamikil dagblöð og prentmiðla. Almennigur í Japan var sigurreifur og í því andrúmslofti sem ríkti var ekkert umburðarlyndi fyrir gagnrýni á japanska herinn. Það er við þessar aðstæður sem Jón Sveinsson kom til Japans í mars árið 1937 og í ævisögu hans kemur glögggt fram hvernig hann hreifst með sigurgleði Japana. Það er að mörgu leyti skiljanlegt að gestur í landinu hafi hrifist með á sama hátt og Japanir sjálfir.

3. Ríkisrekinn shintóismi og staða „innfluttra“ trúarbragða

Líkt og fram kemur að ofan voru miklar sviptingar í japönsku samfélagi á fjórða áratug síðustu aldar og áhrifin á trúarstarf í landinu voru einnig gríðarleg. En til þess að geta áttað okkur á stöðu kristinna manna í Japan á þeim tíma sem Nonni dvaldi í Japan þurfum við að hverfa nokkra áratugi aftur í tímann og skoða stöðu trúarbragðanna í sögulegu samhengi. Árið 1868 markar upphaf Meiji-endurreisnarinnar (e. *Meiji Restoration*), sem var umfangsmikið þjóðarátak til að færa stjórn landsins í hendur keisarans, varpa japönsku samfélagi inn í nútímann og koma Japan á kortið sem jafningja Vesturveldanna. Japan hafði áður verið lénsveldi og Japanir höfðu í gegnum aldirnar fyrst og fremst kennt sig við sitt lén eða nánustu heimkynni, en nú þurfti að byggja upp þjóðernisvitund þeirra sem Japana. Á örfáum árum tókst Japönnum að tryggja sig í sessi sem nútímaríki með her og almenna herskyldu, þjóðfána, þjóðsöng, stjórnarskrá, þjóðþing og lýðræðislega kjörna ríkisstjórn. Og ekki leið á löngu áður en Japanir færðu út kvíarnar með nýlendum líkt og fram hefur komið. Sú stórfellda endurskoðun á öllum samfélagslegum þáttum sem átti sér stað í Meiji-endurreisninni markaði einnig nýja stefnu fyrir trúarbrögð í landinu og Meiji-stjórnarskráin, sem tók gildi árið 1889, tryggði þegnunum trúfrelsi, en þó með nokkrum

skilyrðum. Grein 20 um trúfrelsi er svohljóðandi: „Japanskir þegnar skulu njóta trúfrelsis innan þeirra marka sem lög og reglur leyfa og svo lengi sem það stangast ekki á við skyldur þeirra sem þegna.“¹⁴ Þetta nýja ákvæði tryggði ákveðin grunnréttindi en með nýjum áherslum breyttist jafnvægið sem ríkt hafði milli helstu trúarbragða í landinu: búddisma, shintóisma og kristni.¹⁵

Staða kristninnar í Japan hafði lengi verið flókin og kristnir menn höfðu víða mætt ofsóknum, en með Meiji-endurreisninni var kristni leyfð á ný í Japan eftir rúmlega tveggja alda bann. Kristnir menn voru fáir í Japan en kristnin festi sig engu að síður í sessi sem eitt af þremur megin trúfélögum. Það var ekki fjöldi kristinna manna í Japan sem gaf kristninni þessa stöðu heldur má leiða líkur að því að kristnin í Japan hafi notið góðs af styrkleika kristninnar á heimsvísu.¹⁶ Shintóismi er aldagömul þjóðtrú upprunnin í Japan en búddisminn barst til Japans frá meginlandi Asíu á 6. öld. Í fleiri aldir höfðu Japanir iðkað bæði shintóisma og búddisma en með Meiji-endurreisninni voru gerð skil á milli japanskra og „innfluttra“ hefða og veikti það töluvert stöðu búddisma í landinu. Búddismi hafði verið í hávegum hafður í gamla sjógun-veldinu en átti ekki eins upp á pallborðið í hinu nýja Japan.¹⁷ Frá 1868 og til loka seinni heimsstyrjaldar var shintóismi aftur á móti kostaður af ríkinu og er á þessu tímabili jafnan kallað ríkis-shintó (e. *state shinto*).¹⁸ Shintó var kynnt sem frum-japönsk hefð, sem hafði verið með Japönnum frá örófi alda og áhersla var lögð á tengslin milli shintóisma og japönsku keisara-fjölskyldunnar. Framan af var lögð mikil áhersla á að shintóisminn væri ekki trúarbrögð og ætti því erindi til allra Japana óháð trú en árið 1940 varð algjör stefnubreyting og shintó fékk enn mikilvægara hlutverk sem ríkistrú. Hér verður ekki farið í saumana á trúarbrögðunum sjálfum, eða hvort shintóismi sé í eðli sínu trúarbrögð yfirhöfuð, heldur er áherslan lögð á stöðu stóru trúsamfélaganna í jap-

14 de Bary, William, Gluck and Tiedemann, *Sources of Japanese Tradition*, bls. 78. Þýðing greinarhöfundar.

15 Lítið hefur verið skrifað um shintóisma á íslensku og því ekki skýr málhefð til staðar. Í greininni er talað um shintóisma frekar en shintótrú. Ekki er heldur skýr málhefð varðandi japönsku helgidómanna en almennt talað um búddahof (e. *temple*) og shintóhelgidóm (e. *shrine*).

16 Marius B. Jansen fjallar t.d. um hve mikill þrýstingur var frá erlendum ríkjum að leyfa kristni í Japan og bæta stöðu kristinna í *The Making of Modern Japan*, bls. 463.

17 Hardacre, Helen, *Shintō and the State*, 1868–1988, bls. 5.

18 Sama heimild, bls. 4.

önsku samfélagi fram á fjórða áratug 20. aldar og samband þeirra við ríkisvaldið.

Meiji-stjórnarskráin stuðlaði að því að stofna miðstýrt nútímaríki. Miðstýring á öllum sviðum var mikilvægt markmið í sjálfu sér og móttun japanskra þegna þar engin undantekning. Helstu verkfærin sem ríkið hafði til að móta æsku landsins voru menntakerfið og herinn. Árið 1890 var gefin út keisaralega tilskipunin fyrir menntun (e. *Imperial Rescript on Education*) sem send var í alla skóla landsins ásamt ljósmynd af keisaranum. Öll japönsk skólabörn skyldu nú sýna keisaranum lotningu daglega og njóta menntunar í þjóðernislegum anda. Strax í kjölfarið spruttu upp ritdeilur milli kristinna manna og andstæðinga þeirra um hvort kristnum mönnum og nemendum í kristnum skólum í Japan bæri að hneigja sig fyrir keisaranum. Gátu kristnir þjónað bæði guði sínum og hinum guðlega keisara eða var kristnin kannski í beinni mótsögn við keisaradýrkunina? Þetta var háalvarlegt mál og allir helstu trúarbragða- og heimspekingar landsins tóku þátt í ritdeilu sem spannaði yfir tvö ár og fjölda miðla, bæði trúarlega og veraldlegra.¹⁹

Þótt gengi á ýmsu varð yfirvöldum samt ljóst að öll trúarbrögðin höfðu hlutverki að gegna þegar m.a. menntun og almennt siðferði var annars vegar og yfirvöld ætluðust til að trúfélögin gerðu sitt til að stuðla að lögum og reglu í samfélaginu. Ríkið og trúfélög áttu nefnilega sameiginlega óvini, kommúnismann og hin svokölluðu „nýju trúarbrögð“ sem skutu upp kollinum á millistríðsárunum og lóðuðu til sín milljónir fylgjenda.²⁰ Ríkisvaldið efndi til nokkurra herferða gegn þessum nýju trúarhópum eftir 1920 þótt margir þeirra væru jafnvel sprotnir af shintóisma. Hernaðurinn ágerðist á næstu árum en vorið 1937 – einmitt þegar Jón var nýkominn til Japans – markar þáttaskil þegar kemur að trúarofsóknum í Japan. Ríkisvaldið réðst gegn nokkrum af stærstu hópunum, þ.m.t. shintó-hópnum Hitonomichi Kyodan sem var þó ein af þrettán shintó-reglum sem ríkið viðurkenndi. Vottar Jehóva í Japan hlutu sömu útreið 1938 og 1940.²¹ Öllum mátti því vera ljóst að engin trúfélög gátu talist örugg og til-

19 Anderson, Emily. *Christianity and Imperialism in Modern Japan: Empire for God*, sjá sérstaklega kaflann „The Problem of Two Masters“, bls. 27–61.

20 Garon, Sheldon M., „State and Religion in Imperial Japan, 1912–1945“, sjá m.a. bls. 281–282.

21 Sama heimild, bls. 289–290.

vistargrundvöllur þeirra fólst í að storka ekki ríkisvaldinu á nokkurn hátt. Þegar Japanir voru komnir í allsherjarstríð með árásinni á Pearl Harbor 1941 var enn frekar hert á stýringu og eftirliti með trúarhópum í Japan.

Það hefur verið algeng sögutúlkun að kristnir í Japan hafi verið mjög jaðarsettir á stríðsárunum sem iðkendur „erlendra trúarbragða“ og hafi því átt lítinn þátt í að styðja og taka þátt í því þjóðernis- og hernaðaræði sem gekk yfir Japan. Nýrri rannsóknir leggja aftur á móti áherslu á að stóru trúarhreyfingarnar hafi í mörgum tilvikum átt sameiginlegra hagsmuna að gæta innbyrðis – og með ríkinu, m.a. þegar kom að því að hefta uppgang kommúnisma og hinna nýju trúfélaga sem „stálu“ iðkendum hinna hefðbundnu stofnana. Nýrri rannsóknir leggja þannig áherslu á að það hafi ekki bara verið hin ríkisvædda shintó-stofnun heldur trúfélögin öll sem hafi spilað eftir þeim leikreglum sem voru settar og hafi öll átt hlutverki að gegna í uppgangi þjóðernishyggjunnar og hægrisveiflunnar í Japan.²² Þess ber einnig að geta að það var mikill munur á því hvernig ólíkir kristnir hópar og einstaklingar brugðust við þessum nýju áherslum og þrýstingi frá bæði yfirvöldum og samfélaginu. Sumir aðhylltust friðarstefnu eða fannst það guðlast að „dýrka“ keisarann líkt og til var ætlast, á meðan aðrir studdu útþenslustefnu japanska keisaraveldisins af heilum hug.²³

4. Sophia-háskólinn og línudans kristinna manna

Eins og þekkt er á Íslandi gekk rithöfundurinn Jón Sveinsson í raðir jesúíta eftir margra ára nám og undirbúning við skóla og háskóla reglunnar vítt og breitt um Evrópu²⁴. Jesúítarnir höfðu í gegnum aldirnar byggt upp umfangsmikið net trúboða og starfsstöðva víða um heim og hvarvetna var mikil áhersla lögð á menntun og skólastarf. Það var í gegnum þessa öfluglu alþjóðlegu stofnun sem Jón Sveinsson ferðaðist víða um Evrópu sem nemandi, kennari og síðar

22 Sjá umræðu hjá bæði Andersen og Garon í verkum þeirra sem vitnað er í hér að ofan.

23 Þetta er ein helsta niðurstaða Andersen í bókinni *Christianity and Imperialism in Modern Japan*, sem hér hefur verið vitnað í.

24 Gunnar F. Guðmundsson fjallar ítarlega um námsferil Jóns meðal jesúíta í ævisögunni *Pater Jón Sveinsson: Nomi*.

rithöfundur. Undir lok ferilsins átti hann einnig því láni að fagna að komast í heimsreiðu á vegum Jesúitareglunnar, sem tók heil tvö ár með langri dvöl í bæði Bandaríkjunum og Japan. Ekki er alveg ljóst hvernig það atvikaðist að Jón hélt til Asíu en hitt er ljóst að hann hafði alltaf langað til að komast til Japans og það virðist hafa hentað Jesúitareglunni vel að slá tvær flugur í einu höggi með því að kynna hinn heimsfræga rithöfund og verk hans, og styrkja starfsemi trúbræðranna í leiðinni.²⁵ Þótt starfsemi jesúítanna væri umfangsmikil áttu þeir þó víða í vök að verjast um þessar mundir. Lýðræðissinnar á Spáni höfðu t.a.m. gert allar eignir Jesúitareglunnar upptækar þar í landi örfáum árum áður og þróunin í Þýskalandi nasismans olli einnig áhyggjum. Jón vonaðist til að málin myndu leysast á farsælan hátt en að „óbreyttu vildi hann að Jesúítarnir hefðu hægt um sig og ögruðu ekki stjórnvöldum. Hann fylgdi að því leyti stefnu æðsta manns reglunnar.“²⁶

Jón kom til Japans siglandi frá Bandaríkjunum og gekk á land í Yokohama þann 18. mars 1937. Gestgjafar hans og trúbræður í Jesúitareglunni við Sophia-háskólann í Tókýó tóku fagnandi á móti honum og þar upphófst hið mikla ævintýri sem Japansdvölin var. Bókin *Nonni í Japan* kom út að Jóni látnum árið 1956 en verkið er að hluta til skáldskapur þannig að hér er ævisaga Nonna eftir Gunnar F. Guðmundsson fyrst og fremst höfð til hliðsjónar varðandi helstu staðreyndir ferðarinnar, enda byggist ævisagan á dagbókum og bréfasafni Jóns.

Sophia-háskólinn er nú einn af þekktustu einkaháskólum Japans með u.þ.b. 11 þúsund nemendur. Hann stendur miðsvæðis í Tókýó, á sama stað og þegar Jón dvaldist við háskólann. Mikil breyting hefur orðið á stærð og ásýnd háskólalóðarinnar en byggingin þar sem ætlað er að Jón hafi búið stendur enn.²⁷ Byggingin er eftir tékkneska arkitektinn Jan Letzel:²⁸ hún er hvít, stílhrein og tignarleg og stendur í elsta kjarna háskólasvæðisins, ásamt gamla menningarhúsinu Kulturheim og gömlum japönskum garði frá Meiji-tímabilinu. Nokkrir

25 Sama heimild. Sjá nánar um tildrög ferðarinnar, bls. 366–368.

26 Sama heimild, bls. 386.

27 Viðtal greinarhöfundar við fulltrúa Jesúíta við Sophia-háskólann, 2018 og 2019.

28 Letzel teiknaði einnig eina þekktustu byggingu Japans, sem nú er þekkt sem byggingarrústin „Genbaku Domu“ eða „Atomic Dome“, sbr. „The Launching of a Small Residence Hall ...“, bls. 4.

jesúítar sem komnir eru á efri ár búa enn í húsinu en byggingin þykir ótraust og til stendur að rífa hana á næstu árum.²⁹ Í skrifum Jóns kemur fram að hann bjó í herberginu þar sem fyrrverandi forseti háskólans bjó áður og Jón kunnir vel að meta þann heiður sem honum var sýndur.

Þótt Sophia sé nú virtur og þekktur háskóli átti hann erfitt uppdráttar í fyrstu. Eins og áður sagði hafði kristni lengi verið bönnuð og mætti nokkurri tortryggni en auk þess áttu jesúítarnir víða í vök að verjast sem veikti fjárhagsstöðu reglunnar. Á hinn bóginn nutu jesúítar nokkurrar sérstöðu meðal kristinna trúfélaga í Japan þar sem fyrsti trúboðinn sem kom til Japans, hinn þekkti Francis Xavier, sem kom til Japans árið 1549, tilheyrði einmitt Jesúítareglunni.³⁰ Xavier hafði lýst yfir áhuga sínum á því að stofna háskóla í Japan og árið 1906 gaf Píus páfi títundi tilmæli um að stofnuð skyldi æðri menntastofnun jesúíta í Japan. Sophia-skólinn var settur á laggirnar árið 1911 og tveimur árum síðar fékk hann starfsleyfi sem háskóli með þrjár deildir fyrir heimspeki, þýskar bókmenntir og viðskipti.³¹ Háskólinn heyrði undir hið þýska umdæmi Jesúítareglunnar og þýska var notuð sem fyrsta mál við háskólann. Jesúítarnir fundu fyrir áhuga Japana á m.a. þýskri heimspeki og siðfræði og þegar háskólinn var opnaður reyndist einnig mikill áhugi á námi við hina nýju viðskiptadeild.³²

Fyrri heimsstyrjöldin (1914–1918) reyndist mikil áskorun fyrir háskólann. Japanir börðust gegn Þýskalandi í stríðinu; nánast ómögulegt reyndist að manna stöður við háskólann vegna ferðatakmarkana og fjárhagsstaðan í Þýskalandi var slík að trúbræður þeirra í þýsku höfuðstöðvunum voru engan veginn aflögufærir.³³ Ekki tók betra við nokkrum árum síðar þegar nýlega vígðar skólabyggingar háskólans, sem og aðrar eignir, stórskemmdust í Tókýó-jarðskjálftanum mikla árið 1923. Um svipað leyti geysaði óðaverðbólga í Þýskalandi og því engnar aðstoðar að vænta þaðan.³⁴ Um 1930 hafði tekist að reisa nýja skólabyggingu og vorið 1932 var opnuð ný deild sem sérhæfði sig í

29 Viðtal við fulltrúa jesúíta við Sophia, 2018 og 2019.

30 „Xavier and Sophia University, No. 37“, bls. 1.

31 „History of Sophia University“.

32 Geppert, Theodor, *The Early Years of Sophia University*, bls. 12 og 67.

33 Sama heimild, bls. 70–74.

34 „History of Sophia University“.

blaðamennsku.³⁵ Ekki leið þó á löngu áður en nýtt áfall reið yfir. Þann 5. maí 1932 átti sér stað hið svo kallaða „Yasukuni-atvik“ þar sem Sophia-háskólinn var í brennidepli, en atvikið sýnir glögglega togstreituna milli ríkisins og trúarhópa, sem og viðkvæma stöðu kristinna manna og stofnana í Japan á fjórða áratugnum. Atvikið er oft nefnt í japönskum sagnfræðiritum sem dæmi um einmitt þetta, en óútgefið handrit séra Theodors Gepperts um fyrstu ár Sophia-háskólans gefur góða innsýn í atburðarásina og er hún því höfð til hliðsjónar.³⁶ Ofurstinn sem bar ábyrgð á þjóðernislegri menntun við háskólann ákvað þennan dag að fara með hóp af nemendum skólans í Yasukuni-helgidóminn (j. *Yasukuni Jinja*, e. *Yasukuni Shrine*): einn þekktasta helgidóm shintóismans þar sem japanskir hermenn sem látið hafa lífið fyrir föðurlandið eru heiðraðir. Markmið ferðarinnar var að votta hinum látnu virðingu með hinu formlega *sampai*, langri lotningarfullri hneigingu að shintó sið. Ekki vildi betur til en svo að þrír af nemendum neituðu að hneigja sig í helgidómnum og þegar farið var að spyrja út í atvikið kom í ljós að forseti háskólans, séra Hermann Hoffmann, hafði gefið þau tilmæli að sem kaþólikkum bæri þeim ekki að hylla látna forfeður og hermenn. Þessi viðhorf voru í samræmi við opinbera stefnu kaþólsku kirkjunnar sem leit svo á að *sampai*-hneigingarnar væru *trúarlegs* eðlis og forfeðradýrkun falstrúarbrögð þannig að hneigingarnar væru allsendis óboðlegar kaþólikkum. Hermálaráðuneytið brást við atvikinu á versta veg en menntamálaráðuneytið reyndi að miðla málum og gaf háskólanum formlega tilskipun þess efnis að *sampai* væri skylda fyrir alla nemendur en að hneigingin hefði aðeins þann tilgang að sýna fram á föðurlandsást og hollustu. Í október sama ár, þegar lausn virtist í sjónmáli, var upplýsingum um deiluna leikið í fjölmiðla. Háskólinn var harðlega gagnrýndur í fjölmiðlum fyrir andþjóðernisleg viðhorf og nokkrir miðlar fóru jafnvel fram á að kaþólskir skólar í landinu yrðu jafnaðir við jörðu. Eftir mikið þóf náðust sættir milli yfirvalda og háskólans en með því ófrávíkjanlega skilyrði að kennslan yrði framvegis í sönnum japönskum þjóðræknislegum anda. Dagbækur Nonna frá Japan gefa

35 Sophia 100 years.

36 Geppert, Theodor, *The Early Years of Sophia University*, bls. 77–85. Sjá einnig greinina „The 1932 Yasukuni Shrine Incident, No. 40“ úr 100 ára afmællissmáritum Sophia-háskólans. Lýsing Gepperts er ítarlegri og er því stuðst við hana.

sterklega til kynna að háskólinn hafi staðið við loforðið, enda verður hann oft vitni að og þátttakandi í athöfnum þar sem þjóðernishyggjan er allsráðandi og hrífst af því sem fyrir augu ber.³⁷ Háskólinn tók jafnframt túlkun menntamálaráðuneytisins á *sampai* góða og gilda (þ.e. að hún væri ekki trúarlegs eðlis) og árið 1936 staðfesti Píus páfi tíundi þessa túlkun. Þótt sættir tækjust í málinu hafði orðspor háskólans þó beðið mikla hnekki. Nemendum fækkaði fyrstu árin á eftir og árið 1934 náði skólinn t.a.m. ekki að fylla nema um fimmtung þeirra rúmlega 1000 skólaplássa sem hafði verið gert ráð fyrir. Fyrir ungan einkarekinn háskóla hefur þetta ástand verið mikið áfall, ekki síst fjárhagslega.³⁸ Verðandi forseti háskólans, Hermann Heuvers, og samstarfsmaður heimsóttu menntaskóla vítt og breitt til að kynna háskólann í þeirri von að fjölga mætti nemendum. Ætla má að stjórnendur Sophia-háskólans og annarra kristinna menntastofnana hafi haldið sig vel innan leyfilegra marka japanskra stjórnvalda eftir þessa afdrifaríku uppákomu. Mikilvægt er að skoða heimsókn Jóns Sveinssonar í þessu ljósi til að skilja betur annars vegar (ógagnrýnin) viðhorf gestgjafanna og Jóns til samfélagsþróunar í Japan og hins vegar hvernig dvöl Jóns nýttist gestgjöfunum og mögulega öðrum kristnum hreyfingum í Japan í víðara samhengi.

5. Nonni í Japan 1937–1938: Heimsfrægur rithöfundur á ferð

Þegar Jón lagði af stað í heimsreisuna voru viðsjárverðir tímar í Evrópu og ekki var staðan mikið betri í Japan þar sem landið hafði sagt sig úr Þjóðabandalaginu (e. *League of Nations*) árið 1933; Japanir höfðu átt í stríði við Kínverja síðan 1931 og þjóðernissinnaður öfgahópur innan hersins hafði reynt valdarán í Tókýó í upphafi árs 1936. Japanir og Þjóðverjar gengu jafnframt í bandalag haustið 1936. Jón var nýstiginn upp úr alvarlegum veikindum og það vekur því óneitanlega

37 Sjá t.d. dagbókarfærslu (dagbók merkt 8+9) þar sem Jón er fullur hrifningar eftir að hafa tekið þátt í formlegri athöfn við háskólann þar sem ný ljósmynd af keisararanum er afhjúpuð. Jóni verður líka tíðrætt í japönskum miðlum og bókinni *Nonni í Japan* um hátíðlegar kveðjuathafnir fyrir nemendur skólans sem hafa verið kvaddir til herskyldu.

38 Jóni varð fljótt ljóst hve illa statt trúboð jesúitanna var í Japan og að „hann yrði að gefa því eitt-hvert fé, þó að ekki væri nema tvö eða þrjú hundruð dollara fyrst um sinn“. Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, bls. 387.

spurningar hvers vegna hann hélt ótrauður til Japans þrátt fyrir ástandið sem þar ríkti, og jafnframt hvernig vera megi að hann hafi haft svo eindregna jákvæða mynd af Japan og Japönnum á sama tíma og umfjöllun um Japan hefur vafalítið verið lituð dökkum litum í heimspressunni.

Hvað sem allri gagnrýni leið var Japan sannkallað ævintýraland í augum Jóns og mögulega hefur honum hvergi verið jafn vel tekið og í Japan. Það var alla vega upplifun hans sjálfs og hin umfangsmikla umfjöllun um Jón og Nonnabækurnar í Japan rennir stöðum undir þá upplifun hans. Tugir greina um Nonna birtust í japönskum prentmiðlum og náði yfir fjölda ólíkra miðla. Þess er vert að geta að útgáfu-starfsemi var mjög lífleg í Japan á þessum árum (líkt og nú), enda læsi orðið næstum 90% meðal fullorðinna um 1930 með innleiðingu skólaskyldu í kjölfar Meiji-endurreisnarinnar.³⁹ Bókmenttir frá þessum tíma hafa þó oft verið afskrifaðar í seinni tíð hvað varðar listrænt gildi og boðskap þar sem ritskoðun varð sífellt meira áberandi eftir því sem leið á stríðsrekstur Japana. Að lokum var allt prentað efni ítarlega ritskoðað, stundum svo kyrfilega að höfundar þekktu vart eigin texta eftir meðferðina.⁴⁰

Þegar Jón kom til Japans var honum ljóst að til stóð að kynna hann og verk hans, og fyrstu greinarnar um hann birtust jafnvel áður en hann kom til landsins. Mikilvægt er að skoða betur nokkra af þeim lykileinstaklingum sem tóku á móti Jóni til að glöggva sig á bakgrunni þeirra og tengingum við útgáfuheiminn í Japan. Strax á hafnarbakkanum hitti Jón Þjóðverjann Rupert Eberle. Hann „hafði áður starfað hjá Herder í Freiburg og rak síðar forlag og bókaverslun í Japan, áður en hann varð lektor við háskólann. Hann var því öllum hnútum kunnugur þegar kom að því að kynna og gefa út Nonnabækur í Japan“.⁴¹ Greinarhöfundur hefur ekki tekist að finna nánari upplýsingar um Eberle en ítarlegar verður fjallað um japanskar útgáfur á bókum Nonna hér á eftir. Helsti gestgjafi Jóns í Japan var forseti Sophia-háskólans, Hermann Heuvers. Eins og fram kemur í *Nonni í Japan* og ævisögu Jóns⁴² fylgdi Heuvers Jóni og túlkaði fyrir

39 Jansen, Marius B., *The Making of Modern Japan*, bls. 570.

40 Kawana, Sari., „Reading Beyond the Lines ...“, bls. 154.

41 Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, bls. 387.

42 Sama heimild.

hann á mikilvægum samkomum og var honum til halds og trausts í gegnum annasama fyrirlestrar- og samkvæmisdagskrá. Ætla má að Heuvers hafi búið yfir umfangsmiklu tengslaneti sem gagnaðist við að koma Jóni á framfæri en eins og áður hefur komið fram hafði háskólinn frá upphafi kennt þýskar bókmenntir og var einnig meðal fárra háskóla í Japan sem bauð upp á sérhæft og faglegt nám í blaðamennsku.⁴³ Háskólinn rak einnig dagheimili og menntaskóla, og ljóst er að háskólinn var vel tengdur öðrum kaþólskum skólum, sem og almennum barnaskólum. Síðast en ekki síst ber að nefna Japanann Fukuo Kishibe en í *Nonni í Japan* er hann kynntur sem „japanskur H. C. Andersen“, „frægur maður“ sem talinn er „mesta ævintýraskáld, sem nú er uppi í Japan“.⁴⁴ Mikill vinskapur tókst með Jóni og Kishibe þótt þeir virðist ekki hafa talað saman nema í gegnum túlk, og Jóni verður mjög tíðrætt um Kishibe í ferðabókinni. Er það ekki að undra þar sem sá síðarnefndi vann ötullega að því að koma Jóni á framfæri, ekki aðeins í prentmiðlum eins og fjallað verður um; heldur einnig í m.a. útvarpsþættinum sem áður var getið og stærstu barnasamkomunum sem Jón tók þátt í meðan á Japansdvölinni stóð. Töluvert er til af japönskum heimildum sem styðja þessar lýsingar á Kishibe. Í fjölmiðlum er hann jafnan kynntur til sögunnar sem einn fremsti sagnameistari landsins; hann var kosinn í borgarstjórn fyrir sinn borgarhluta í Tókýó (Kanda) sem óháður frambjóðandi til að vinna að málefnum barna; hann átti sæti í fjölda nefnda og ráða um uppeldis-, velferðar-, lista- og menningarmál; og var auk þess stjórnandi dagheimilis og menntaskóla í borginni.⁴⁵ Að auki kemur fram að Kishibe var í miklum metum hjá keisarafjölskyldunni og skemmti m.a. dætrum keisarahjónanna og náskyldum prinsum og prinsessum í afmælum og við önnur tilefni.⁴⁶ Í blaðagrein um Kishibe frá 1933, sem skrifuð var í tilefni af 61 árs afmæli hans, segir: „Kishibe San er í dag þekktur af milljónum barna í Japan og jafnvel enn fleiri full-orðnum sem fremsti ævintýra-sögumaður þjóðarinnar.“⁴⁷ Óhætt er að

43 Geppert, Theodor, *The Early Years of Sophia University*, bls. 77.

44 Jón Sveinsson, *Nonni í Japan*, bls. 166–176. Í bókinni er japanski skáldbróðirinn iðulega kallaður aðeins eftirnafninu Kischibe en rétt stafsett og fullt nafn er Fukuo Kishibe (j. 岸邊福雄).

45 Þetta kemur m.a. fram í ýmsum greinum um Kishibe sem birtust í japanska dagblaðinu *Japan Times* á fyrri hluta 20. aldar.

46 „Mr. Kishibe's Birthday“, bls. 8.

47 Sama heimild.

fullyrða að Kishibe hafi verið vel tengdur meðal mennta- og menningarfrömuða og gegnt lykilhlutverki þegar kom að því að kynna Jón í Japan eins og nánar verður fjallað um hér á eftir.

Umfjöllun um Jón og Nonnabækurnar í japönskum heimildum mætti flokka og greina eftir efni eða tegundum miðla og er seinni lausnin valin hér. Umfjölluninni má gróflega skipta í eftirfarandi flokka:

1. Dagblöð
2. Kaþólsk blöð og tímarit
3. Tímarit fyrir börn og ungmenni
4. Fagtímarit um barnabókmenntir og menntun barna
5. Nonnabækurnar sjálfar

Dagblöð: Heimfrægur rithöfundur á ferð

Í bókinni *Nonni í Japan* setur Jón lesendur sína vel inn í dagblaðaútgáfu í landinu með nokkurra síðna umfjöllun og svo lygilegar finnast honum staðhæfingarnar um að t.d. stórblaðið *Asahi Shimbun* seljist í alls þremur milljónum eintaka á dag að hann spyr ítrekað til að sannreyna tölurnar. Jón lýkur umfjölluninni með eftirfarandi:

Nú var mér ljóst af öllu því, sem Heuvers forstjóri hafði sagt mér, að stórblöðin höfðu ekki aðeins blaðamenskuna á valdi sínu, heldur þjóðina alla á vissan hátt. Hér var um stórveldi að ræða, ríki í ríkinu. Þetta stórveldi var veldi dagblaðanna, „Pressan“, sem svo er nefnd á mörgum málum.⁴⁸

Þessi lýsing er alls ekki fjarri lagi og það er skiljanlegt að Jón hafi sérstakan áhuga á stærstu fjölmiðlum landsins þar sem umfjöllun um hann birtist í nokkrum þeirra. Óhætt er að fullyrða að umfjöllunin hefur haft mikið að segja fyrir orðspor Jóns í Japan í krafti útbreiðslu miðlanna og þeirrar virðingar sem þeir nutu. Í greinunum er fyrst og fremst dregin upp mynd af heimspekktum rithöfundi og heims-hornaflakkara, sem alltaf er kenndur við Ísland frekar en hin þekktu Evrópulönd þar sem hann hafði átt samastað í áratugi. Ein lengsta

⁴⁸ Jón Sveinsson, *Nonni í Japan*, bls. 111.

☆☆☆☆ イノ人詩 ☆☆☆☆

☆☆☆☆ 師ンソニェウス・ンーヨ ☆☆☆☆

上智の修院内の閑静な叫目。若緑の林泉を、黒い帽子を冠り顔に足に杖を添へて、風折日帯を纏し乍らそぞろ歩き、折々眼鏡をはづしては立ち留る。異に都の様な詩人である。

日本はフランス留學中に選んだシヤルルボアの日本史で初めて知



三月十九日の晩、上智大學の修院にノニイが着いた。昨秋から待たれた世界的児童作家である。十二の時コペンハーゲンでアンデルセンに會つたといふお説でアイストランドのメルドルグエソルで一八五七年十一月十六日の朝誕生だといふ。

つた。忽ち日本びいきになつて了。偶々日露戦争が始ると断然日本の勝利を豫言者の様に只一人叫んだ。止まなかつた。日本海軍敗戦報はどんなに有頂天にしてつた。

ランスへ留學したのは十二歳の時で母は他のアイストランドの人々の様にプロテスタントであつたけれど深い敬虔な知識人でカトリックの正しい事を知つてをり「ノニイ

半條紳者となり一八九一年イニズス會の司祭に擧げられた。そしてコペンハーゲンのセンアンドレアの先生を長く勤めてゐる間に色々のお話を聞いたのである。免づデスマーク請で「それから歐洲大戦の一が前に初めて獨逸國で「ノニイ」を著すと戦中にも拘らず子供達かに愛されて監獄を兼ねた。

り。懐疑の日本へ来る時令弟の手紙には「おめでたり、最も丁寧な引で勇氣に富む騎士的な國へ行くのですから」と認めてあつた。

この世の詩人が祖國と別れてフ

がカトリックになつたら留つて善い事です」と圖つてゐたといふ。

ノニイは一八七一年北フランスのアミアン市でイニズス會のコレージュに入學、そればかりか一八七八

健康美に輝いてゐる。

師の寫眞は一九二二年歐洲各地の可愛い顔つちの手に纏へて始められアメリカを経て遂に今度の來朝となつた。

ノニイは日本に來て直ぐなじまれ好かれてゐる。それは母が愛嬌の呼び名であるから。顔はこの名を使ひ續けて名高くなつたのである。

Dæmi um umfjöllun um Jón í Japan. Greinin er ein af mörgum frá Japan sem varðveitt er í Nonnasafni Landsbókasafns. Mynd: Greinarhöfundur, 2020.

umfjöllunin birtist í dagblaðinu *Japan Advertiser* þann 21. mars 1937 við komuna til landsins og var þýðing á greininni birt í heild sinni í *Lesbók Morgunblaðsins* síðar á árinu.⁴⁹ Jón er sagður þekktur í Evrópu sem „H. C. Andersen samtímans“ og „í New York sem Mark Twain“ og bækur hans eru sagðar hafa selst í yfir sex milljónum eintaka á fjölda tungumála.⁵⁰ Í greininni er jafnframt farið lauslega yfir ævisögu og rithöfundarferil Jóns, sem og bakgrunn hans sem jesúíta. Ekki hefði verið hægt að hugsa sér betri kynningu og ljóst er að greinin hefur verið nýtt einmitt sem slík, en hún er varðveitt í heild sinni sem A4 dreifibréf í Nonnasafni Landsbókasafns.⁵¹ *Japan Advertiser* var sjálfstætt enskumælandi dagblað í eigu Bandaríkjamanns: Upplagið var ekki stórt en blaðið hafði sterka stöðu meðal alþjóðlega samfélagsins í Japan.⁵²

Allt annað átti við um stórveldið *Asahi Shimbun* sem birti áhuga-verða umfjöllun og greinaröð eftir Jón. Hér var um dagblað að ræða sem seldist í milljónum eintaka daglega um allt land (morgun- og kvöldútgáfa) og var alfarið gefið út á japönsku. Dagbókarfærsla Jóns⁵³ bendir til þess að *Asahi*-dagblaðið hafi falast eftir að sitja eitt að blaðaumfjöllun um Jón og myndi það skýra hvers vegna sjö góðar greinar um eða eftir Nonna birtust í *Asahi Shimbun* meðan á dvölinni stóð, en engin umfjöllun virðist hafa birst hjá t.a.m. keppinautnum *Yomiuri Shimbun*.⁵⁴ Fyrst birtust tvær myndarlegar greinar til að kynna hinn þekktu höfund, daginn eftir komuna til landsins og svo viku síðar, en seinni greinin er skrifuð til japanskra barna og birtist í sérstökum barnadálki. Tæpum mánuði síðar birtast svo greinar þrjá daga í röð undir titlinum „Nihon no insho“ sem þýða mætti „Sýn mín á Japan“. *Asahi* vildi greinilega njóta gests auga hins reynda

49 „Nonni í Japan“, bls. 350.

50 Ekki er vitað með vissu hve mörg eintök seldust af Nonna-bókunum á heimsvísu en Brynhildur Pétursdóttir, fyrrverandi safnstjóri Nonnahúss, telur tölurnar stórlega ýktar eftir samtöl sín við aðra sérfræðinga (skv. tölvupósti til greinarhöfundar, sumar 2020).

51 Nonnasafn, Landsbókasafn, „Ýmis gögn, Japan“.

52 Stutt grein um komu Jóns til landsins birtist einnig í dagblaðinu *The Japan Times* þ. 23. mars 1937. Greinin birtist í fasta dálkinum *Art-Music-Letters*, en greinin er mun styttri og lágstemmdari en umfjöllun *Japan Advertiser*. Tilkynningar birtust reglulega í blaðinu til að vekja athygli á fyrirlestrum Jóns á ensku og lítill kveðjudálkur tilkynnti að lokum um brottför Jóns.

53 Dagbækur II. Bindi, bók 8+9.

54 Greinarhöfundur hefur gert ítarlega leit að greinum um Jón Sveinsson og Nonnabækurnar í raf-rænum grunnum bæði *Asahi Shimbun* og *Yomiuri Shimbun*. Mögulega leynast fleiri greinar þótt það verði að teljast ólíklegt.

heimshornaflakkara og það fórst Jóni vel úr hendi. Greinarnar eru fullar af kímni; Jón gerir góðlátlegt grín að sjálfum sér og það má ímynda sér að foreldrar hafi lesið greinarnar fyrir börn sín. Hann lýsir því t.d. hvernig hann velti fyrir sér hvers vegna svo margir Japanir gengju með grímu fyrir vitunum⁵⁵ og kemur með spaugilegar tilgátur:

Þegar ég gekk um Tókýó, undraði ég mig á því, að margt fólk var með grímur fyrir andlitinu. Hvað í veröldinni skyldi vera að. Ég velti því fyrir mér hvort það hefði verið í nefadgerð. Þetta flaug mér í hug vegna þess að fyrsta manneskjan sem ég sá hafði verið frekar illúðleg, hann gæti hafa lent í slagsmálum og fengið högg í andlitið. Næsta manneskjan sem ég sá var hins vegar fínn herramaður sem virtist ekki líklegur til að lenda í áflogum. Ég var ráðvilltur. Og eftir að hafa séð svo marga með grímur, var ég farinn að halda að þarna gæti verið á ferðinni leynilegt grímufélag. Mér að óvörum, voru konur hins vegar líka með grímur, og það sem verra var skrítnar svartar grímur. Ef konur þurftu nauðsynlega að vera með grímur, hefði mér þótt hæfa betur að þær væru með fallegri grímur með útsaumuðum árstíðarbundnum blómum, til dæmis rós eða eitthvað í þeim dúr.⁵⁶

Tveimur dögum síðar skrifar hann um erfiðleikana við að venjast japönskum siðum og matarvenjum, og þá sér í lagi baráttu sína við þunnu japönsku zabuton-motturnar sem Japanir nota þegar þeir sitja á gólfinu, sem var og er almenn hefð:⁵⁷

Ég skimaði um herbergið í leit að stólum, en þeir voru ekki þar. Síðan bauð fólk mér Zabuton og sagði mér að setjast. Í fyrstu kraup ég á mottuna hikandi. Á meðan vinir mínir studdu mig frá báðum hliðum, reyndi ég að setjast rólega niður. En hnén á mér létu ekki að vilja mínum. Og ég var við það að detta. Af þessum sökum staflaði folkið fjórum Zabuton mottum hverri ofan á aðra. Síðan settist ég ofan á staflann eins og

55 Grímurnar voru fyrst og fremst notaðar sem sóttvarnargrímur eins og tíðkast í dag en þær hafa lengi verið útbreiddar í Japan.

56 Jón Sveinsson, „Nippon no inshō (1)“, bls. 7. Þýðing greinarhöfundar.

57 Í Japan tíðkast að sitja á hnjúnum eða með krosslagða fætur á einni zabuton-mottu og Japönum hefur eflaust fundist tilhugsunin sköndin um útlendinginn sem reynir að hlada þeim saman til að búa sér til sæti.

konungur. En hæðin var ekki enn nægileg til að það færi vel um mig. Þannig að fólkið staflaði fjórum Zabuton mottum til viðbótar ofan á. Með þessu móti gat ég loks matast. Næsta vandamál voru prjónarnir. Ég tók þá tókum og hermdi eftir hinu fólkinu en maturinn slapp milli prjónanna. Þá greip ég til þess ráðs að halda prjónunum saman og nota eins og skeið til að færa matinn að munninum. [...] Á borðinu var bara framandlegur matur. Mér fannst sumt gott en annað var ég hreinlega ekki viss um hvort bragðaðist vel eða illa.⁵⁸

Jón segir líka frá fyrsta jarðskjálftanum sem hann upplifði á ævi sinni, sem hann tengir að sjálfsögðu við Ísland; undrun sína og aðdáun yfir því að kynnast japönskum fræðimanni og nemendum hans sem lögðu stund á íslensku og Íslendingasögurnar við Keisara-lega háskólann í Tókýó⁵⁹ og svo mætti lengi telja. En hann fjallar líka um alvarlegri efni og í kveðjugreininni sem hann skrifar fyrir brottförina gerir hann föðurlandsást Japana að aðalviðfangsefni. Þar lýsir hann hugprýði eins háskólanemanna þegar hann var kvaddur í herinn en ungi maðurinn segist ekki óttast dauðann og gefi glaður líf sitt fyrir föðurland sitt. Greinin lýsir bæði trega og aðdáun og má kannski lesa sem uppörvun og hvatningu til Japana í stríðinu. Greinin er í fullu samræmi við dagbækur Jóns og líklega hefur ekki þurft neina ritskoðun frá gestgjöfunum við Sophia-háskólann eða yfirvöldum til að ná fram þessum hughrifum eða boðskap. Jón lýsir reyndar hvernig textar hans fyrir *Asabi Shimbun* hafi verið vandlega lesnir og þýddir af kollegum Jóns við Sophia-háskólann, og þýðingarnar síðan „burstaðar, þvegnar og fægðar“ fyrir birtingu hjá *Asabi* en óljóst er hvort eiginleg ritskoðun af hálfu stjórnvalda hafi átt sér stað.⁶⁰

Á sama hátt og umfjöllunin sem birtist m.a. um Jón í *The New York Times* í Bandaríkjunum og setti Jón á ákveðinn „stall“, var umfjöllunin um Jón í stærstu og virtustu dagblöðum í Japan í upphafi ferðarinnar til að greiða fyrir annarri umfjöllun sem á eftir kom. Jákvæð og umfangsmikil umfjöllun um höfundinn Jón og söguper-

58 Jón Sveinsson, „Nippon no insho (3)“, bls. 7. Þýðing greinarhöfundar.

59 Sjá nánar um íslenskunám og áhuga á Íslendingasögum í Kristín Ingvarsdóttir, „Frá Sóleyjum“ og „Samskipti Íslands og Japans“.

60 Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nomi*, bls. 389.

sónuna Nonna styrkti þá ímynd að hér væri stórmerkilegur höfundur á heimsmælikvarða á ferð. Jón er jafnan kenndur við hið framandi Ísland og í skrifum hans má vart á milli sjá hvort hrifning hans er meiri á Japan eða Íslandi.

5.1. Kaþólsk blöð og tímarit: Fyrirmynd í trúnni

Það er ekki ofsögum sagt að Jón birtist sem stjarna í öllum helstu miðlum kaþólsku kirkjunnar í Japan. Það blasir við að hann er einn af þeirra mönnum og við kynnumst trúmanninum og sagnameistar- anum Nonna. Trúarleg köllun og upplifun er áberandi í allri umfjöllun; ævintýri og sögur Jóns fá að njóta sín til hins ýrasta en frásagnir af Íslandi eru líka vinsælt umfjöllunarefni. Kaþólikkar voru ekki margir í Japan á þessum árum (ekki frekar en nú) en hér hefur vafalítið verið um mikilvægan markhóp að ræða fyrir Nonna- bækurnar. Beinar auglýsingar á Nonnabókunum fyrir jól og áramót eru áberandi í þessum tímaritum en þær sjást ekki í öðru samhengi. Helstu blöðin voru *Nippon Katorikku Shimbun* (Fréttablað kaþólikka í Japan), *Koe/Vox Catholica* (Rödd kaþólskunnar) og *Umi no Hoshi* (Stella Maris). Svo virðist sem ein útgáfa, Miðstöð kaþólskrar útgáfu, hafi staðið að útgáfu blaðanna og að miðstöðin hafi verið nátengd hinu kaþólska biskuparáði í Japan.⁶¹ Blöðin voru því ekki sérstaklega tengd Jesúitareglunni og miðluðu fréttum almennt til kaþólska samfélagsins sem dreift var um Japan.⁶² Heuvers, forseti Sophia-háskólans, og lykilmenn innan Jesúitatrúboðsins hafa vafalítið verið í góðri aðstöðu til að koma Jóni á framfæri og líklega hefur einnig verið eftirspurn eftir efni um Jón ef marka má þær miklu vinsældir sem fyrirlestrar hans nutu í Japan.

Fréttablað kaþólikka kom út vikulega á sunnudögum en *Vox Catholica* og *Umi no Hoshi* komu út mánaðarlega í tímaritsformi. Fyrra tímaritið miðaðist fyrst og fremst við fullorðna eða fjölskyldur og það síðarnefnda við unga lesendur. Hér vekur fyrst og fremst athygli hve fyrirferðarmikil umfjöllunin um Jón og Nonnabækurnar er, sérstak-

61 Miðstöð kaþólskrar útgáfu hét カトリック中央出版部 (Katorikku Chuo Shuppan-bu) og Kaþólska biskuparáðið hét カトリック中央協議会 (Katorikku Chuo Kyogikai), á ensku Bishops' Conference of Japan.

62 Skv. tölvupósti frá fulltrúa Jesúitareglunnar við Sophia-háskólann, sumar 2020.

lega í mánaðartímaritinu *Vox Catholica* þar sem Jón/Nonni er áberandi í næstum hverju einasta hefti meðan á Japansdvölinni stóð. Hér kennir ýmissa grasa: Birtar eru myndir af Jóni með ýmsum gestum háskólans eða frá fyrirlestrum hans; Jón er fenginn til að segja frá ýmsu sem á daga hans hefur drifið um ævina og stundum eru sögurnar það sem kalla mætti „sögur af frægu fólki“. Þannig er fjallað um hvert Jón fer og hvern hann hittir, og greint frá ýmsum smáatvikum sem aðeins eru áhugaverð þegar þekktur einstaklingur á í hlut. Jafnframt birtist frásögn af ferð Jóns á hestbaki í kringum Ísland sem raðsaga í þremur hlutum og saga kölluð *Ævintýri á sjó*, sem byggð er á *Ævintýri Nonna og Manna*, birtist einnig sem raðsaga. Stórar andlitsmyndir af Jóni birtast oft með greinum um eða eftir hann enda þótt lítið sé alla jafna af ljósmyndum í tímaritinu. Margar greinar birtast einnig í fréttablaðinu og í *Umi no Hosbi* en virðast ekki jafn tíðar og í *Vox Catholica*. Það er því ekki að undra að Japanir á ýmsum aldri kannist við Jón og gefi sig oft á tal við hann á mannamótum. Áskrifendum þessara tímarita hefur væntanlega liðið eins og þeir þekktu manninn eftir svo tíðar fréttir af honum og það er erfitt að ímynda sér að Japansdvöl Jóns hafi farið fram hjá neinum í hinu fámenna samfélagi kaþólskra í Japan.

5.2. Tímarit fyrir börn og ungmenni: Sagnameistarinn

Í þessum flokki eru fallega skreyttar myndabækur og barnatímarit í háum gæðum, enda um að ræða þekktar útgáfur sem nutu mikilla vinsælda í Japan á millistríðsárunum. Greinarhöfundur hefur fyrst og fremst kannað þau tímarit sem finnast í Nonnasafni Landsbókasafns en það eru tímarit sem Jón flutti með sér heim til Evrópu. Ekki hefur enn gefist tórn til að leita að fleiri ritum af þessu tagi í Japan og því er ekki útilokað að umfjöllun kunni að leynast í fleiri ritum. Líklegt er að Jón hafi tekið einmitt þessi rit með sér vegna þess að mikið var í tímaritin lagt og vegna þess að hann hafi orðið þess vís að þau áttu vinsældum að fagna í Japan.⁶³ Í þessum flokki ber fyrst að telja tímaritin *Kodomo no Tomo* (Vinur barnsins), *Kodomo no Kuni* (Barnalandið) og *Yonen Kurabu* (Krakkaklúbburinn) sem voru stöndug tímarit með

63 Nokkur af kaþólsku mánaðartímaritunum eru einnig í Nonnasafni Landsbókasafns en engin af dagblöðunum, að undanskildu dreifibréfinu með ensku greininni í *The Japan Advertiser*.

margra ára sögu og umfangsmikla dreifingu. Sem dæmi má nefna að á opinberri heimasíðu Borgarbókasafnsins í Tókýó eru fyrstu tvö tímaritin nefnd sem dæmi um víðlesin tímarit fyrir börn á Meiji- og Taisho-tímabilinu (1868–1925) sem varðveitt eru á skjaladeild bókasafnsins.⁶⁴ *Kodomo no Tomo* hóf göngu sína árið 1914 og var áhrifamikil á heimilum menntafólks vegna framsækinnar stefnu í uppeldismálum. Mikið var lagt upp úr því að fá þekkt myndlistarmenn til að skreyta tímaritið og sköpunargáfa lesendanna fékk einnig að njóta sín.⁶⁵ Í blaðinu birtist stutt endurminning frá Íslandi eftir Jón í sérstöku þemahefti um jólahátíðina. Tímaritinu fylgdi einnig krakkadagblað þar sem hnattferð Jóns er gerð góð skil í heilsíðugrein. *Kodomo no Kuni* var einnig þekkt fyrir listrænt gildi, þótti framsækið fyrir nútímalega hönnun og breitt menningarlegt efnisval sem spannaði bæði ævintýri, myndasögur, söngtexta og ýmsa þætti sem gátu komið að gagni við menntun barna. Í *Kodomo no Kuni* birtist grein eftir Jón þar sem hann segir frá kynnum sínum af japönskum börnum.

Mikilvægi þessara birtinga felst fyrst og fremst í því að Jón og Nonnabækurnar fengu dýrmæta kynningu í tímaritum sem nutu mikillar virðingar; náðu til allra landsmanna og teygðu sig langt út fyrir hið fámenna samfélag kaþólskra og annarra kristinna í Japan. Óhætt er að fullyrða að vinur Jóns, hinn „japanski H. C. Andersen“, hafi haft einhverja milligöngu um að koma Jóni á framfæri en japanskar heimildir sýna að hann var talinn einn fremsti sérfræðingur landsins í uppeldisfræðum barna og barnabókmenntum.

6. Fagtímarit um barnabókmenntir og menntun barna: Menntamaðurinn

Annar mikilvægur vettvangur fyrir umfjöllun um Jón og verk hans eru fagtímarit rithöfunda og sérfræðinga sem unnu með bókmenntir,

64 https://www.library.metro.tokyo.lg.jp/collection/features/digital_showcase/005/index.html

65 Sjá opinbera heimasíðu Borgarbókasafnsins í Tókýó, https://www.library.metro.tokyo.lg.jp/collection/features/digital_showcase/005/09/

Hið þekkt barnatímarit *Shonen Kurabu* (Krakkaklúbburinn) sem hafði mikla dreifingu um allt land birti einnig söguna um Nonna og Manna (líklega í styttri útgáfu) með nýjum myndskreytingum.

menntun og barnauppeldi. Ætla má að vinur Jóns, Fukuo Kishibe, hafi einnig hér gegnt lykilhlutverki þegar kom að því að kynna Jón fyrir þekktustu barnabókahöfundum og menntasérfræðingum landsins. Greinar birtust um Jón í m.a. fagtímaritinu *Dowa Kenkyu* (Rannsóknir á ævintýrum)⁶⁶ og hann tók þátt í faglegri umræðu um barnabókmenntir en Kishibe var þekktur fyrir að þróa og innleiða kennslufræði sem fól í sér að nýta ekki aðeins ævintýri heldur einnig tónlist og dans í tengslum við menntun barna. *Dowa Kenkyu* greinir frá því að haldið hafi verið málþing í menningarhúsi Sophiaháskólans Jóni til heiðurs þar sem ævintýri og barnabækur voru til umræðu. Fjörutíu þekktir sérfræðingar á þessu sviði tóku þátt í viðburðinum og það fylgdi sögunni að gestirnir hafi beðið Jón um eiginhandaráritun eftir viðburðinn⁶⁷. Það er óhætt að álykta að kynni Jóns af fagfólki á sviði bókmennta, mennta og uppeldismála barna hafi enn frekar aukið áhugann á Jóni sem höfundi.

Á fjórða áratug síðustu aldar kviknaði áhugi japanskra stjórnvalda á því að nýta aðferðafræði og frásagnartækni ævintýra til að innræta börnum þjóðernisleg gildi og föðurlandsást. Kishibe var þá einn af þeim sérfræðingum um menntun barna sem var virkjaður til að nýta þekkingu sína og reynslu í þágu japanska keisaraveldisins, enda leiðandi sérfræðingur á þessu sviði.⁶⁸ Barnatímaritin frá þessum tíma sýna að t.a.m. myndskreyttar sögur af dugnaði og hugrekki japönsku hermanna þótti sjálfsagt lesefni fyrir börn. Ríkið stýrði þegar öllu kennsluefni fyrir börn í gegnum algjörlega miðstýrt menntakerfi, en á stríðstímum þótti sjálfsagt og nauðsynlegt að seilast einnig inn í frítíma og inn á heimili barna í gegnum ævintýri og barnabókmenntir. Árið 1939 var Kishibe kominn í forustuhlutverk við að virkja höfunda barnabóka til að skrifa „uppbyggilegri sögur“, sem og að tengja betur sagnahöfunda og kennarastéttina til að betur mætti ala upp góða þegna í anda sannrar föðurlandsástar. Tilfelli Kishibe er engan veginn einstakt heldur sýnir það glöggt hve langt ríkið gekk

66 Umfjöllun um Jón og verk hans er tíðust í *Dowa Kenkyu* en einnig birtist ítarleg grein um Jón t.a.m. í fagtímaritinu *Kodomo no Kyoyo* (Menntun barna). Skv. japanska akademíska leitargrunninum CiNii kom *Dowa Kenkyu* út á árunum 1922–1941. Greinarhöfundur hefur ekki tekist að finna upplýsingar um upplag/dreifingu en eintök eru varðveitt á tugum háskólabókasafna um allt Japan, sér í lagi við kennaraháskóla. Tímaritið fjallaði á breiðum grundvelli um ævintýri og sögur/bækur fyrir börn í tengslum við uppeldis- og kennslufræði.

67 Uchiyama, Kendo, „Hokkyoku no dowaka ...“.

68 Sjá m.a. „Notes on Art and Literature,“, bls. 8.

á öllum sviðum til að rækta þjóðarhollustu, ala upp góða þegna og móta samfélagið. Hvernig skyldu Nonnabækurnar hafa rímað við þennan veruleika hernaðar- og keisaraveldis? Fátt bendir til að japönsku þýðingarnar á Nonnabókunum og öðrum textum eftir Nonna hafi verið ritskoðaðar, og ætla má að boðskapurinn um hugrekki, þrautseigju og ást á sínum nánustu, líkt og birtist í Nonnasögnum, hafi þótt æskilegt veganesti fyrir japanska æsku (verðandi hermenn), jafnvel þótt bræðurnir hafi heitið á „erlendan guð“ þegar líf þeirra lá við. Nálægð Jóns og Nonna við hin þjóðernislegu verkefni sjást m.a. glögggt í tímaritinu *Dowa Kenkyu*⁶⁹, þar sem efnisyfirlitið báðum megin við greinina um Jón fjallar um hvernig nýta megi ævintýri til að efla þjóðernishyggi.

7. Nonnabækurnar sjálfar

Að lokum er ekki úr vegi að nefna hvað japönsku útgáfunar á Nonnabókunum sjálfum segja okkur um viðtökur verkanna í Japan, bæði Nonnabókunum þremur sem gefnar voru út í tengslum við Japansdvöl Jóns árin 1937–1938 og fleiri titlum sem fylgdu í kjölfarið.⁷⁰ Eins og áður sagði var Þjóðverjinn Rupert Eberle lykilmaður þegar kom að útgáfu fyrstu Nonnabókanna í Japan. Eberle hafði áður unnið fyrir Herder, kristilega forlagið sem gaf út Nonnabækurnar í Evrópu, og sambönd hans í japönskum útgáfuiðnaði, sem og reynsla af bókaútgáfu hefur komið sér vel. Fyrstu bækurnar komu út hjá litlum forlögum sem jafnvel virðast stofnuð sérstaklega í kringum bækur Jóns. Það sem lengi hefur vakið furðu og forvitni greinarhöfundar er hvers vegna Nonnabækurnar voru ekki gefnar út hjá stærra eða þekktara forlagi. Eins og komið hefur fram tókst fádæma vel að kynna Jón sem heimsþekktan höfund og áhuginn á Jóni hlýtur að hafa farið fram úr væntingum. Hefði ekki sæmt „H. C. Andersen samtímans“ og „Mark Twain Evrópu“ að bækurnar væru gefnar út

69 Sjá sér í lagi árgang 17 blað 10 frá 1937, sem virðist sérstakt þemahefti um þetta efni.

70 Sjá titlana sem liggja til grundvallar fyrstu þremur Nonnabókunum á japönsku í *Pater Jón Sveinsson: Nonni* eftir Gunnar F. Guðmundsson, bls. 491, nr. 103. Það er snúið að átta sig á japönsku bókatitlunum þar sem þeir eru oft frjállega þýddir og hvergi er hægt að nálgast allar japönsku útgáfunar af Nonnabókunum á einum stað. Skv. japönsku Nonnasýningunni frá 2008 voru til alls 15 bækur á japönsku með sögum eftir Jón Sveinsson. Þær voru ekki nafngreindar en líklega eru bæði endurútgáfur og safnrit meðtalin.

hjá einu af stóru forlögunum? Þegar þýðingin á *Sjálfstæðu fólki* eftir Halldór Laxness kom út í Japan tveimur áratugum síðar var útgefandinn Kodansha, eitt stærsta og öflugasta bókaforlag Japans og a.m.k. ein af seinni útgáfum á Nonnabókunum kom einmitt út hjá Kodansha. En misræmið milli frægðar Nonna í Japan og algjört nafnleysi útgefendanna á fyrstu bókunum vekur óneitanlega upp spurningar. Fjárhagserfiðleikar jesúitatrúboðsins, sem mátti ekki við neinu tapi, og vandlega skipulögð kynningarherferðin gefa vísbendingar um að ekki hafi verið tilviljun hvernig Jesúitareglan spilaði úr því trompi sem heimsókn Jóns var. Var kannski ekki áhugi hjá stóru forlögunum á kristnum bókmenntum um þessar mundir? Var fjárhagslega hagkvæmara fyrir gestgjafa Jóns að standa sjálfir að útgáfu bókanna? Var Herder-tengingin í gegnum Eberle kannski svo augljós að önnur forlög komu ekki til greina eða var of seinlegt að semja við stóru forlögin? Því miður eru engin svör tiltæk við þessum spurningum að svo stöddu.

Annað lykilatriði sem hefði getað gefið betri mynd af viðtökum Nonnabókanna í Japan eru sölutölur, eða jafnvel útlán á almenningsbókasöfnum, sem voru í miklum vexti. Því miður hefur Nonnasafn á Íslandi ekki að geyma yfirlit yfir sölu Nonnabókanna á heimsvísu eða áreiðanlegar tölur um bóksölu í einstökum löndum. Ekki er vitað hvernig bækurnar seldust í Japan, eða hvort gróði eða tap var á útgáfu þeirra. Hitt er víst að vandað var til verka, a.m.k. á þeim árum sem þessi rannsókn nær yfir. Kápurar á fyrstu þremur bókunum voru hannaðar „í stíl“ og í formála eftir Kishibe í fyrstu bókinni sem kom út er þýðanda sérstaklega hrósað fyrir vönduð vinnubrögð og frábær gæði japanska textans sem komi hreinleika frumtextans til skila.⁷¹ Tveimur áratugum síðar þýddi Shizuka Yamamuro, sem var aðalþýðandi á *Sjálfstæðu fólki* á japönsku,⁷² Nonnabókina *Nonni shōnen no daikōkai* þannig að áfram var hugað að gæðum textans. Önnur vísbending um góðar viðtökur verkanna er að Nonnabækurnar voru gefnar út með nokkuð jöfnu millibili yfir lengri tíma. Á Nonnasýningunni í Japan árið 2008 voru kynntar 15 bækur með textum

71 Jón Sveinsson, *Nonni kyōdai no bōken* [Ævintýri Nonnabræðranna], formáli.

72 Sjá heimasíðu Gljúfrasteins, http://gljufrasteinn.is/is/halldor_laxness/thydingar/japanska/. Yamamuro var mikilvirkur þýðandi og hann þýddi alls fjórar Nonnabækur á japönsku. Eftir hann liggja fjölmörg skrif um norrænar bókmenntir og þýðingar á verkum helstu höfunda Norðurlanda.

um eða eftir Jón Sveinsson sem höfðu verið gefnar út þar í landi, þær fyrstu meðan Jón dvaldi í Japan árið 1937 og sú nýjasta árið 2008.⁷³ Það segir einnig sína sögu að fyrstu Japanirnir sem komu til náms á Íslandi á 6. og 7. áratugnum nefndu Nonna sem eitt af því fyrsta og jafnvel það eina sem þau vissu um Ísland þegar þau voru að alast upp í Japan.⁷⁴ Þannig að Jón Sveinsson hefur sannarlega sáð fræi Íslands-áhuga í Japan.

8. Lokaorð – helstu niðurstöður

Oft hefur verið haft á orði að rithöfundurinn Jón Sveinsson sé einn besti sendiherra sem Ísland hefur átt. Það bregst ekki að Jón er kenndur við Ísland og hann var óspar á faguryrði um ævintýraeyjuna Ísland en á sama tíma er hann hámenntaður heimsborgari og heims-hornaflakkari, hefur búið í helstu menningarborgum Evrópu og hefur tungur stórvelda á valdi sínu, m.a. þýsku, frönsku og ensku. Jón var maður margra heima og fjölhæfur þannig að hann reyndist góður sendiherra fyrir fleiri en Íslendinga. Þetta sannaðist í Japansferð Jóns þar sem hann sjálfur – og umfangsmikil umfjöllum um hann – náði til ólíkra hópa samfélagsins. Gestgjafarnir við Sophia-háskólann í Tókýó sáu mikil tækifæri í Jóni og með þennan öflugla liðsauka gátu þeir sinnt trúboðshlutverki sínu betur en fyrr og kynnt háskólann og menntastarf sitt í leiðinni, án þess að of mikill trúarbragur væri á kynningarstarfinu þegar slíkt átti illa við. Sá eiginleiki Jóns að höfða sterkt til ólíkra hópa á öllum aldri gagnaðist trúbræðrum Jóns í Júsútareglunni svo um munaði. Það er því ekki að undra að Hermann Heuvers, forseti Sophia-háskólans og gestgjafi Jóns í Japan, hafi kosið að Jón dveldist lengur eða settist jafnvel að í Japan, eins og fram kemur í ævisögu Jóns eftir Gunnar F. Guðmundsson.⁷⁵

Þegar viðtökur Jóns í Japan eru skoðaðar er tvennt sem ber að hafa í huga. Annars vegar þær sérstæðu aðstæður sem uppi voru í jap-

73 Þetta kemur fram í upplýsingum á sýningarspjöldum í Nonnasýningunni *Seinni ferð Nonna til Japans*. Aðeins fáir titlar eru nafngreindir en hér eru væntanlega meðtaldar ýmsar útgáfur af Nonnabókunum, t.a.m. endurútgáfur og endurbýðingar, sem og sögur eftir Jón í safnritum.

74 Kristín Ingvarsdóttir, „Samskipti Íslands og Japans eftir síðari heimsstyrjöld ...“, bls. 525–526.

75 Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, bls. 395.

önsku samfélagi á meðan á Japansdvölinni stóð og hvernig rithöfundurinn Jón Sveinsson, Nonnabækurnar og viðhorf Jóns pössuðu (eða pössuðu ekki) inn í þann veruleika. Hins vegar vekur athygli hve gríðarlega mikil umfjöllun var um dvöl Jóns í Japan og hve víða hann kom við. Þessar heimildir eru vitnisburður um margþætta sýn Japana á Jón og verk hans. Fjölbreyttur birtingarvettvangur segir einnig sína sögu.

Það er augljóst að mikil kynningarherð fór af stað við komu Jóns til landsins. Íslenski bakgrunnurinn vakti hvarvetna forvitni og athygli en þýskur bakgrunnur Jóns hefur væntanlega heldur ekki spillt fyrir af ýmsum ástæðum. Þjóðverjar og Japanir gengu í bandalag síðla árs 1936 en Japanir höfðu þá einangrast mjög á alþjóðavettvangi og áttu fáar aðrar vinaþjóðir. Sophia-háskólinn var rekinn af þýska umdæmi Jesúitareglunnar og miklar þýskar áherslur voru í starfi háskólans. Kristni og kristniboð mætti nokkurri tortryggni í Japan og allt bendir til þess að Sophia-háskólinn hafi jafnframt þurft að laga sig mjög eindregið að kröfum stjórnvalda um menntun og innrætingu í anda ströngustu þjóðernishyggju Japana eftir Yasukuni-atvikið árið 1932, sem tefldi tilvist háskólans í tvísýnu. Á hinn bóginn höfðu Japanir lengi borið virðingu fyrir Þýskalandi og þýskri menningu, þannig að tenging við þýskan jesúitaskóla var bæði kostur og galli.

Fyrir Jóni var Japan sannkallað drauma- og ævintýraland og í ljósi ofangreindra aðstæðna er mjög ólíklegt að hann hafi heyrt miklar gagnrýnisraddir gagnvart Japönnum meðal gestgjafa sinna eða í nánasta tengslaneti. Þá hafði rómuð gestrisni Japana sitt að segja. Dvölin í Japan styrkti því þá jákvæðu mynd sem Jón hafði af Japan fyrir komuna til landsins og í skrifum sínum og dagbókarfærslum verður honum tíðrætt um hve kurteisir, gáfaðir, vinnusamir og hugrakkir Japanir séu. Japanskur útgáfuiðnaður var gegnsýrður af ritskoðun þegar leið á fjórða áratug síðustu aldar en fátt bendir til þess að sögur og greinaskrif Jóns hafi orðið fyrir ritskoðun stjórnvalda. Jón er mjög hlyntur Japönnum í öllum skrifum sínum og skoðanir hans og umburðarlyndi gagnvart t.a.m. útpenslu Japans í Kína markast mjög af japönskum áróðri og ríkjandi skoðunum þessara ára.⁷⁶ Það er

76 Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nomi*, bls. 396–399. Sjá einnig dagbækur Jóns frá Japansdvölinni.

þó ljóst að hrifning Jóns á Japan og Japönum byggist fyrst og fremst á persónulegri upplifun: Því framandi ævintýri sem hann lifir í Japan og því fólki sem hann kynnist. Jón skrifaði um Japan af einlægri hrifningu og innlifun, og skrifin féllu edlilega í kramið hjá Japönum.

Þegar umfangið á umfjöllun um Jón í japönskum blöðum og tímaritum er skoðað er freistandi að draga þá ályktun að viðtökurnar hljóti að hafa verið vonum framar. Umfjöllunin birtist ekki bara í mörgum miðlum heldur einnig í „réttu“ miðlunum sem voru áhrifa-miklir hver á sínu sviði og það er augljóst að ímynd Jóns var löguð að ólíkum miðlum og markhópum. Þannig var Jón kynntur sem heimsþekktur rithöfundur á heimsreisu gagnvart alþjóðlega samfélaginu í Tókýó í stærstu enskumælandi dagblöðum landsins. Í japanska stórblaðinu *Asabi Shimbun* fær frásagnargáfa Jóns að njóta sín og hann skrifar áhugaverða og gamansama pistlaröð um upplifun sína af japönsku samfélagi. Sannast þar hið fornkveðna að glögggt er gests augað. Í kaþólskum og kristnum ritum var lögð áhersla á Jón sem fyrirmynd í trúmálum og hvernig trúin hafði hjálpað honum að yfirstíga erfiðleika á lífsleiðinni. Jafnframt var lögð áhersla á Nonna-bækurnar, enda var hér um mikilvægan markhóp að ræða þegar kom að sölu bókanna enda þótt samfélag kaþólskra í Japan væri ekki fjölmennt. Efni frá Jóni birtist einnig á ólíku formi í virtum tímaritum fyrir börn, sem voru bæði viðlesin og þekkt fyrir nútímalegar áherslur í uppeldismálum og listrænt gildi. Af þessu má sjá að skrif Jóns náðu langt út fyrir hið þrönga samfélag kaþólskra manna. Með hliðsjón af markhópi tímaritanna má ætla að skrif hans hafi borist inn á heimili fjölmargra sem meira máttu sín vítt og breitt um Japan. Greinarhöfundur hefur enn sem komið er ekki fundið umfjöllun um Jón í almennum tímaritum um bókmenntir og menntamál frá þessum tíma en greinar birtust í tímaritum á borð við *Dowa Kenkyu* sem sérstaklega fjallaði um börn og barnauppeldi. Hér er einnig um mikilvægan markhóp að ræða þar sem bæði aðstandendur og lesendur blaðanna voru áhrifafólk á sviði menntunar og barnamenningar.

Ef marka má af þeim tugum birtinga um Jón frá þeim tíma sem hann dvaldist í Japan, og liggja til grundvallar þessari umfjöllun, bendir allt til þess að Japansför Jóns hafi verið mikil sigurför. Þótt mikið sé til af efni eru þó tvær óþekktar breytur í jöfnunni sem hefði verið áhugavert að þekkja betur. Í fyrsta lagi er sem stendur ekkert

vitað hvernig Nonnabækurnar seldust. Stór markaður var fyrir bókaútgáfu í Japan á millistríðsárunum en samkeppnin hefur vafalítið einnig verið mikil. Jafnframt voru almenningsbókasöfn að ryðja sér til rúms þannig að sölutölur og útbreiðsla hafa ekki endilega alltaf farið saman. Í öðru lagi vekur spurningar hvers vegna Nonnabækurnar voru gefnar út hjá lítt þekktum forlögum. Hefði ekki verið eðlilegt að bækur þekktis og vinsæls höfundar eins og Jóns væru gefnar út hjá stöndugu og virtu forlagi? Ekki fást svör við þessum spurningum að svo stöddu en hitt er víst að alls komu út á japönsku 15 bækur sem innihéldu sögur eftir Jón (þ.m.t. endurútgáfur) á 70 ára tímabili, síðast árið 2008. Það bendir til þess að Jón Sveinsson og Nonnabækurnar hafi átt dyggan aðdáenda- og lesendahóp í Japan í nokkrar kynslóðir.

ÚTDRÁTTUR

Ævintýraeyjurnar Japan og Ísland: Um Japansdvöl Nonna, 1937–1938

Seint á rithöfundarferli Jóns Sveinssonar, Nonna, rættist draumur hans um að ferðast til Japans og hvergi fundust Jóni viðtökurnar betri en einmitt þar. Jón var þó þekktur víða um lönd og einn víðförlasti Íslendingur síns tíma, enda höfðu barnabækur hans verið þýddar á um 30 tungumál. Jón kom til Japans vorið 1937 og dvaldist í eitt ár við hinn þekкта Sophia-háskóla í Tókýó, sem rekinn var af trúbræðrum hans í Jesúitareglunni. Markmiðið með þessari grein er að varpa ljósi á Japansdvöl Jóns á grundvelli rannsókna á japönskum heimildum frá þeim tíma sem Jón dvaldist í landinu. Leitast verður við að svara hvar og með hvaða hætti fjallað var um rithöfundinn Jón og verk hans í japönskum dagblöðum og tímaritum. Dvöl Jóns í Japan vakti mikla athygli og umfjöllun því bæði tíð og umfangsmikil. Til grundvallar umfjölluninni liggja heimildir sem greinarhöfundur hefur mestmegnis aflað í japönskum skjalasöfnum og gagnagrunnum. Með því að rannsaka þessar heimildir bætist nýtt sjónarhorn við fyrri rannsóknir á Japansvöl Jóns. Jafnframt verður lögð áhersla á að varpa ljósi á þær þjóðfélags- og trúarhræringar sem ruddu sér til rúms í Japan á fyrri hluta síðustu aldar og hafa vafalítið haft áhrif á þær viðtökur sem höfundurinn og verk hans hlutu þar í landi. Vikið verður að hlutverki og stöðu Sophia-háskólans í japönsku samfélagi, sem og flókna stöðu kristinnar kirkju og jesúíta í Japan á áratugunum fyrir seinni heimsstyrjöld, en þau markast af uppgangi heimsvaldastefnu, þjóðernishyggju, ríkisrekinni trúarstefnu og stríðsrekstri á meginlandi Asíu.

Lýkilorð: Jón Sveinsson – Nonni, Japan, viðtökur (fjölmiðlaumfjöllun), ferðasögur, trúarbrögð

ABSTRACT

Japan and Iceland: Adventure Isles Nonni's stay in Japan 1937–1938

Late in his career as an author, Jón Sveinsson, Nonni, realised his dream of visiting Japan and nowhere did he feel that he had met with a better reception than in Japan. This despite the fact that Jón was among the best known and most widely travelled Icelanders of his time, as his popular children's books had been translated into around 30 languages. He arrived in the spring of 1937, to spend a year at the well-known Sophia University, run by his fellow Jesuits in Tokyo. The present article aims to cast light on Jón's stay in Japan and where and how the writer and his works were discussed in contemporary Japanese newspapers and magazines. As Jón Sveinsson's stay in Japan attracted a great deal of attention, media reports were both frequent and extensive. This article is based on sources gathered by the author from mainly Japanese archives and databases. These sources add a new perspective to previous research conducted on Jón Sveinsson's Japan visit. Emphasis is also placed on the significance of the social and religious changes gaining prominence in Japan in the first half of the last century, which undoubtedly influenced the reception of the author and his work. The role and position of Sophia University in Japanese society is also examined, together with the complicated status of Christianity and the Jesuits in Japan in the years preceding World War II, which were characterised by ascending imperialism, nationalism, state Shinto and armed aggression on the Asian continent.

Keywords: Jón Sveinsson – Nonni, Japan, reception (media coverage), travel literature, religion

HEIMILDIR Á ÍSLENSKU OG ENSKU

- Anderson, Emily, *Christianity and Imperialism in Modern Japan: Empire for God*. London, New Delhi, New York, Sidney: Bloomsbury, 2016.
- „Annual Reception Held at Tokyo Club“, *The Japan Times*, 19. mars 1938.
- Bergþóra Jónsdóttir, „Nonni í Japan: Japanska krónprinsessan meðal aðdáenda“, *Morgunblaðið* 24. nóvember 2009, bls. 27.
- Bix, Herbert P., *Hirohito and the Making of Modern Japan*, New York: Harper-Collins Publishers, 2000.
- „Child Story Writers Plan Nara Meeting“, *The Japan Times*, 26. desember 1939, bls. 2.
- de Bary, William T., Gluck, Carol og Tiedemann, Arthur E., *Sources of Japanese Tradition: Volume Two: 1600–2000; Part Two: 1868 to 2000*, New York: Columbia University Press, 2006.
- Garon, Sheldon M., „State and Religion in Imperial Japan, 1912–1945“, *The Journal of Japanese Studies*, 12 (2), 1986, bls. 273–302.
- Gordon, Andrew, *A Modern History of Japan: From Tokugawa Times to the Present*, 4. útgáfa, Oxford: Oxford University Press, 2020.
- Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*. Reykjavík: Opna, 2012.
- Hardacre, Helen, *Shintō and the State, 1868–1988*, New Jersey, Chichester: Princeton University Press, 1989.
- Helga Birgisdóttir, „Af hverju urðu Nonna- og Mannabækurnar svona vinsælar?“, *Vísindavefurinn*, 2013, <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=58420> [sótt 10. október 2020].
- Iriye, Akira, *Japan & The Wider World: From the Mid-Nineteenth Century to the Present*, London, New York: Routledge, 1997.
- Jansen, Marius B., *The Making of Modern Japan*, Cambridge, Mass.: The Belknap Press of Harvard University Press, 2000.
- „Japanska“, *Gljúfrasteinn*, http://gljufrasteinn.is/is/halldor_laxness/thydingar/japanska/ [sótt 10. júlí 2020].
- Jón Hjaltason, *Nonni og Nonnabús*, Akureyri: Bókaútgáfan Hólar, 1993.
- Jón Sveinsson, *Ferð Nonna umbverfis Jörðina, Síðari hluti: Nonni í Japan*, þýð. Freysteinn Gunnarsson, 2. útgáfa, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1971.
- Kawana, Sari, „Reading Beyond the Lines: Young Readers and Wartime Japanese Literature“, *Book History* 13, 2010, bls. 154–184.
- Kristín Ingvarsdóttir, „„Frá Sóleyjum“: Upphaf samskipta Íslendinga og Japana 1904–1942“, *Skírnir* 191 (1), 2017, bls. 80–114.
- Kristín Ingvarsdóttir, „Samskipti Íslands og Japans eftir síðari heimsstyrjöld: Stjórnmalasamband í 60 ár“, *Skírnir* 191 (2), 2017, bls. 501–544.
- „Mr. Kishibe’s Birthday“, *The Japan Times*, 17. febrúar 1933, bls. 8.
- „Nonni í Ameríku“, *Þjóðviljinn*, 29. nóvember 1995, bls. 6.
- „Nonni í Japan“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 7. nóvember 1937, bls. 350.
- „Notes on Art and Literature“, *The Japan Times*, 16. apríl 1933, bls. 8.
- „Seinni ferð Nonna til Japans“, *Fréttablaðið*, 19. september 2008, bls. 24.

- Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780-1979*, Reykjavík: Mál og Menning, 1981.
- Skapti Hallgrímsson, „Enn er Nonni í sviðsljósinu í Japan“, *Morgunblaðið* 14. október 2008, bls. 34.
- „The 1932 Yasukuni Shrine Incident“, *Sophia University*, 2013, <https://www.sophia.ac.jp/eng/aboutsophia/history/u9gsah00000007pn-att/websophiaE40.pdf> [sótt 9. júlí 2020].
- „The Launching of a Small Residence Hall of Learning“, *Sophia University*, https://www.sophia.ac.jp/eng/aboutsophia/history/u9gsah00000007pn-att/websophia_e2.pdf [sótt 9. júlí 2020].
- Tokuji, Saisho. „Art-Music-Letters“, *The Japan Times*, 23. mars 1937, bls. 8.
- „Xavier and Sophia University“, *Sophia University*, <https://www.sophia.ac.jp/eng/aboutsophia/history/u9gsah00000007pn-att/websophia37E.pdf> [sótt 10. júlí 2020].

HEIMILDIR Á JAPÖNSKU⁷⁷

- „Bikkuri shita Nonni kyōdai rokuji ima Anderusen no dōwa“, [Nonnasögurnar í útvarpinu kl. 6, Andersen okkar tíma], *Tokyo Asabi Shimbun*, 6. Maí 1937, bls. 7.
- „Janken no hanashi Aisurando de dairyūkō“ [Sagan um vinsældir janken á Íslandi], *Tokyo Asabi Shimbun*, 5. júní 1938, bls. 6.
- Jón Sveinsson, „Aisurando no kurisumasu [Jól á Íslandi], Kodomo no tomo, 24 (12), 1937, blaðsíðutal ekki gefið upp.
- Jón Sveinsson, *Appare Nonni* [Bravó Nonni], þýð. Tamotsu Itō, Tókýó: Enderure shoten, 1948.
- Jón Sveinsson, „Kyorokyoro shite mujaki na Nippon no kodomo-tachi“ [Saklausu japönsku börnin lítandi í kringum sig], *Kodomo no kuni*, 16 (9), Tókýó: Tokyosha, 1937, bls. 25.
- Jón Sveinsson, „Nippon no inshō (1)“ [Upplifun mín af Japan (1)], *Tokyo Asabi Shimbun*, 21. apríl 1937, bls. 7.
- Jón Sveinsson, „Nippon no inshō (2)“ [Upplifun mín af Japan (2)], *Tokyo Asabi Shimbun*, 22. apríl 1937, bls. 7.
- Jón Sveinsson, „Nippon no inshō (3)“ [Upplifun mín af Japan (3)], *Tokyo Asabi Shimbun*, 23. apríl 1937, bls. 7.
- Jón Sveinsson, *Nonni kyōdai no bōken* [Ævintýri Nonnabræðranna], þýð. Kenji Uezawa, Tókýó: Kōseikaku, 1937.
- Jón Sveinsson, *Nonni shōnen no daikōkai* [Stórsigling drengsins Nonna], þýð. Shizuka Yamamuro, Tókýó: Hōbunkan, 1957.
- Jón Sveinsson, *Nonni to kōri no okuni* [Nonni og íslandið], þýð. Tamotsu Itō, Tókýó: Enderure shoten, 1948.
- Jón Sveinsson, *Nonni to Manni* [Nonni og Manni], þýð. Kenji Uezawa, Yōnen

77 Hér eru fyrst og fremst taldar upp þær greinar og birtingar sem eru beint nefndar eða vísað í. Greinarnar sem nýttar voru fyrir rannsóknina eru alls um 70 talsins.

- kurabu 15 (12), Tókýó: Dainippon-yūbenkaikōdansha, 1940, bls. 125–136.
- Jón Sveinsson, „Owakare no kotoba suki na Nippon de kurashita ichinen“ [Kveðjuorð til míns ástkæra Japans sem ég dvaldi í um eins árs skeið], *Tokyo Asabi Shimbun*, 20. febrúar 1938, bls. 6.
- Jón Sveinsson, *Sukiparon be no kurisumasu no hōmon* [Jólaheimsókn í Skipalón], þýð. Suematsu Daigūji, Tókýó: Ōtorisha, 1974.
- Jón Sveinsson, „Watashi no otomodachi – kawaii minasan he dōwaka Suvenson“ [Til vina minna, allra fallegu barnanna í Japan – frá barnabókahöfundinum Sveinssyni], *Tokyo Asahi Shimbun*, 25. mars 1937, bls. 4.
- „Kita no kuni Aisurando kara kita dōwa no ojiisan to ohanashi suru“ [Samtal við gamla barnabókahöfundinn sem kom frá Íslandi], *Kodomo no tomo furoku seikatsushimbun*, 1. maí 1937, blaðsíðatal ekki gefið upp.
- „Kodomo no kuni“, *Tokyo Metropolitan Library*, https://www.library.metro.tokyo.lg.jp/collection/features/digital_showcase/005/10/index.html [sótt 9. júlí 2020].
- „Kodomo no tomo“, *Tokyo Metropolitan Library*, https://www.library.metro.tokyo.lg.jp/collection/features/digital_showcase/005/09/index.html [sótt 9. júlí 2020].
- Okamoto Ipei, „Suvenson ō“ [Hinn mikli Sveinsson], *Tokyo Asabi Shimbun*, 1. ágúst 1937, bls. 9.
- „Otogi no okuni kara hachijū Suvenson shi“ [Hinn áttæði hr. Sveinsson sem kom frá ævintýralandinu], *Tokyo Asabi Shimbun*, 19. mars 1937, bls. 11.
- Uchiyama, Kendo, „Hokkyoku no dowaka Suvenson shi“ [Ævintrýahöfundurinn hr. Sveinsson frá Norðurslóðum], *Dowa Kenkyu*, 17 (6), 1937.

ÓBIRTAR HEIMILDIR

Nonnasafn Landsbókasafns Íslands, Háskólabókasafn

Bréfasafn.

Dagbækur II. bindi.

Myndaalbúm, Japan.

Ritgerðir skrifaðar í Tókýó, Japan, 1937.

Sérprentanir og úrtök, 1935–1951.

Ýmis gögn E-D.

Ýmis gögn, laus mappa ... Japan.

VIÐTÖL OG TÖLVUPÓSTSAMSKIPTI

Fulltrúi Jesúítareglunnar við Sophia-háskólann í Tókýó (maí 2018 og október 2019).

Brynhildur Pétursdóttir, fyrrverandi safnstjóri Nonnahúss og einn af aðalskipuleggjendum Nonnasýningar í Japan 2008 (vor 2018 og sumar 2020).

Motokatsu Watanabe, fyrrverandi sendifulltrúi japanska sendiráðsins á Íslandi, einn af aðalskipuleggjendum Nonnasýningar í Japan 2008 (maí 2018).

ANNAÐ PRENTAÐ EFNI

Geppert, Theodor, *The Early Years of Sophia University*, Tókýó: [óútgefið handrit], 1993.

Nonnasýningin *Seinni ferð Nonna til Japans* frá 2008, Sýningarspjöld (megintexti).
(J. ノンニの70年後の再訪日 [Nonni no nanajūengo no saihōnichi].